FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
208. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
ÞRIÐJUDAGUR 5. SEPTEMBER 2017



Skemmtiferðaskipið AIDAcara kvaddi Eyjafjörð með svörtum reyk á föstudag. Umhverfisstofnun boðar eftirlit með brennslu svartolíu í skipum fyrir áramót. Áhyggjur eru af því að skemmtiferðaskip brenni svartolíu í höfnum en slíkt er bannað. Óvíst er með mælingar á magni sótagna sem því fylgja. Pétur Ólafsson, hafnarstjóri á Akureyri, segir að AIDAcara brenni ekki svartolíu heldur skipagasolíu eins og leyfilegt sé. Umræðan sé á villigötum. „Við viljum eins og allir að náttúran njóti vafans en réttar upplýsingar verða að koma fram.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Náttúrulaugar fullar af gerlum og skít

**Dæmi eru um að í náttúrulaugum á Vestfjörðum finnist yfir tvö hundruð sinnum fleiri gerlar en mældust eftir skólpmengun í Reykjavík í sumar. Formaður heilbrigðisnefndar vill koma upp skiltum til að vara við gerlum í laugunum og segir umgengni fara versnandi.**

**NÁTTÚRA** Náttúrulaugar á Vestfjörðum hafa komið mjög illa út úr gerlamælingum Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (HEVF). Dæmi eru um sýni sem innihéldu yfir tvöhundruðfalt leyfilegt magn gerla. Formaður heilbrigðisnefndar Vestfjarða segir ástæðuna vera aukna ásókn í laugarnar.

„Baðstöðum er skipt upp í laugar sem eru undir eftirliti og síðan skráðar náttúrulaugar. Þær síðarnefndu koma illa út,“ segir Jón Reynir Sigurvinsson, formaður Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Jón nefnir í þessu samhengi laugar á Barðaströnd, í Foss- og Norðurfirði og á Reykjanesi. Í þeirri síðastnefndu hafi verið komið upp skilti sem bendir fólki á að laugin sé ekki hreinsuð og að fólk fari í hana á eigin ábyrgð.

„Umgengni við laugarnar hefur farið versnandi samhliða auknum ferðamannastraumi. Fyrir tuttugu árum var ásóknin svo lítil að laugarnar hreinsuðu sig sjálfar. Sú er ekki raunin nú. Ég myndi til að mynda aldrei fara ofan í í Landmannalaugum nú,“ segir Jón.

Í fundargerð HEVF frá 25. ágúst síðastliðnum, sem send er til sveitarstjóra allra sveitarfélaga á Vestfjörðum, segir að við „eftirlit með sundog baðstöðum í sumar hafi komið í ljós að hlutirnir eru alls ekki eins og þeir eiga að vera“. Í sumum sýnum úr sundlaugum og baðstöðum hafi mælst gerlatölur sem eru yfir 200 þúsund í desilítra. Þá kemur fram að þeir megi að algjöru hámarki vera þúsund í desilítranum en helst undir 500. Óhreinsað baðvatn eykur mjög líkur á slímhimnu-, maga- og húðsýkingum.

> **Ég myndi til að mynda aldrei fara ofan í í Landmannalaugum.**
> Jón Reynir Sigurvinsson, formaður Heilbrigðisnefndar Vestfjarða

Í niðurlagi bréfsins er rifjað upp að fyrr í sumar mengaðist strandsjór við Reykjavík af skólpi eftir bilun í dælustöð. „Það sem olli fjölmiðlafári í sumar vegna skólpmengunar var strandsjór sem var alls staðar undir 1.000 saurgerlar í 100 ml,“ segir í bréfinu.

„Heilbrigðiseftirlitin hafa vitað af málinu en almenningur ekki verið meðvitaður,“ segir Jón. Hann bætir því að að eftirlitið hafi engar heimildir til inngrips. Hann mælist til þess að skilti verði sett upp við helstu laugar til að vara fólk við. **– jóe**

## Ekki víst að mygla sé skaðleg

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þrátt fyrir vandlega leit í læknisfræðibókmenntum okkar tíma hefur mér ekki tekist að finna þess merki að búið sé að sýna fram á með vísindalegum aðferðum að myglusveppir í húsum vegi að heilsu manna,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, í grein í blaðinu í dag. Kári segir íslenska þjóð hins vegar ekki í vafa um skaðsemi myglusvepps og segir baráttuna við myglu orðna stóran iðnað á Íslandi. Engin grein hafi vaxið meira í landinu undanfarið, nema ferðaþjónusta. **– ósk** / sjá síðu 11



Kári Stefánsson

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Sigurður Ingi Jóhannsson segir tillögur landbúnaðarráðherra plástur á sár sem ekki grær. 10

**SPORT** Ísland mætir Úkraínu í gríðarlega mikilvægum leik. 14

**LÍFIÐ** Katrín Middleton á von á sínu þriðja barni og meðgangan virðist ætla að einkennast af morgunógleði. 24

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Fremur hæg breytilega vindátt. Skúrir á víð og dreif, en talsverð rigning um tíma austanlands. Hiti yfirleitt 10 til 15 stig, en heldur svalara á Vestfjörðum. SJÁ SÍÐU 20

# Úrslitastund í Laugardalnum



Það er að duga eða að drepast fyrir íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu í kvöld. Þá tekur það á móti Úkraínu á Laugardalsvelli. Fari stig forgörðum verður möguleikinn á sæti á HM í Rússlandi að ári nánast enginn. Sigur þýðir hins vegar að strákarnir hafi örlög sín í eigin höndum. Efsta sætið veitir þátttökurétt í Rússlandi en 2. sæti riðilsins þýðir umspil. Strákarnir okkar æfðu einbeittir á þjóðarleikvanginum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Boðsferðirnar áttu að sökkva með hruninu

**VIÐSKIPTI** „Þetta er ólíðandi og við eigum ekki að láta bjóða okkur þetta. Að ríkisfyrirtæki bjóði útvöldum í laxveiðiferðir er eitthvað sem átti að sökkva með hruninu,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um laxveiðiboðsferð Íslandsbanka sem Fréttablaðið greindi frá í gær. Ekkert í eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki bannar boðsferðir. Formaður VR segir að ef stjórnendur bankanna geti ekki stýrt fyrirtækjunum í takt við það siðferði sem almenningur kallar eftir, beri að skipta þeim út.

„Af því sem við heyrum innan úr fjármálakerfinu þá er spenna í gangi, kaupréttir, launaskrið og annað sem við eigum ekki að láta bjóða okkur. Að horfa upp á þetta enn eina ferðina sigla í sama farið. Sérstaklega ekki hjá fyrirtæki sem er í eigu almennings.“

Þrátt fyrir að vera að fullu í eigu ríkisins, er Íslandsbanki undanþeginn upplýsingaskyldu og ber því ekki að upplýsa hverjum var boðið í umrædda laxveiðiferð né hver kostnaðurinn var. Ragnar furðar sig á því. „Þeim á að vera skylt að upplýsa tafarlaust hverjum var boðið og á hvaða forsendum.“



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins, segir að ekkert sé að finna um boðsferðir í eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki sem taki fyrir þær. Bendir hann á að stefnan sé undirbúin í fjármálaráðuneytinu. Ekkert þar banni fyrirtækjum að bjóða viðskiptavinum í veiði. „Dagleg stjórnun bankans er á forræði bankastjóra og yfirstjórn er í höndum stjórnar bankans. Það er ekkert um þetta í eigendastefnunni og þetta er ekki eitthvað sem tekið verður fyrir á hluthafafundi.“ **– smj**

## Veltu bíl með handafli einu

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn á þrítugsaldri hafa verið ákærðir fyrir að stofna lífi og heilsu tveggja einstaklinga í augljósan háska. Meint brot mannanna tveggja felst í því að hafa velt kyrrstæðri bifreið með fólki innanborðs.

Atvikið átti sér stað á Selfossi á mánudagskvöldi í lok júní í fyrra. Mennirnir tveir eiga að hafa komið að bifreiðinni og í sameiningu velt henni á vinstri hliðina. Fólkið í bifreiðinni hlaut meiðsl af en ekki kemur í ákærunni fram hvort þau hafi verið minni- eða meiriháttar.

Allt að fjögurra ára fangelsi liggur við broti gegn lagagreininni sem háttsemin er heimfærð undir. Þá er þess krafist að mennirnir verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar. Ekki liggur fyrir hvort tjónþolar geri kröfur um greiðslu bóta vegna veltunnar. Málið er rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands. **– jóe**




# Óttast að þau verði send í opinn dauðann

*Kærunefnd útlendingamála staðfesti ákvörðun Útlendingastofnunar um að vísa feðginunum Abrahim Maleki og ellefu ára dóttur hans til Þýskalands. Hann óttast að verða sendur aftur til Afganistans og að þau eigi sér enga framtíð.*

**SAMFÉLAG** „Ég er mjög leiður. Ég veit ekki hvað ég á að gera núna. Mér líður mjög illa núna og ég hef ekki sagt dóttur minni neitt. Ég spyr mig hvort við höfum ekki mannréttindi á Íslandi. Ef við getum ekki dvalið hérna, hverjir geta það?“ spyr Abrahim Maleki, hælisleitandi frá Afganistan, sem dvelur hér ásamt Haniye, ellefu ára gamalli dóttur sinni.

Kærunefnd útlendingamála hefur staðfest ákvörðun Útlendingastofnunar þess efnis að Haniye og Abrahim verði vísað aftur til Þýskalands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

Abrahim segir í tölvupóstsvari við fyrirspurn Fréttablaðsins að hann hafi ekki hugmynd um hvenær honum verði vísað burt. „En þau munu senda okkur aftur til Þýskalands og þýsk stjórnvöld vilja senda okkur aftur til Afganistans. Þetta þýðir bara að íslensk stjórnvöld ætla að senda okkur í opinn dauðann,“ segir Abrahim.

Hann segir að sér líði eins og þau feðginin eigi enga framtíð fyrir sér. „Það er mjög mikilvægt fyrir dóttur mína að stunda nám og lifa góðu lífi og við viljum búa á meðal Íslendinga,“ segir hann. „Ég er meiddur í fætinum og þarfnast sjálfur meðferðar. Hvernig í ósköpunum á ég að geta aðstoðað dóttur mína þannig á mig kominn?“ segir Abrahim.

Móðir Haniye yfirgaf hana ári eftir að hún fæddist og hefur hún verið á flótta með föður sínum allt sitt líf. Hún hefur búið í Íran, Tyrklandi, Grikklandi, Þýskalandi og á Íslandi, en þau hafa verið hér á landi frá því í desember.

Solaris eru hjálparsamtök fyrir hælisleitendur og flóttafólk. Guðmundur Karl Karlsson tekur þátt í starfi samtakanna og er vinur feðginanna. Hann segir íslensk yfirvöld halda því fram að vel muni fara um þau í Þýskalandi. Yfirvöld þar í landi verði látin vita af viðkvæmri stöðu feðginanna en Abrahim er bæklaður eftir bílslys og Haniye ríkisfangslaus. Guðmundur sagði í samtali við Vísi í gær að sagan sýndi annað en það að Abrahim og Haniye myndu eiga gott líf í Þýskalandi.

„Við þekkjum fólk sem er í Þýskalandi í sömu stöðu og það er mjög erfitt. Það er mjög líklegt að þau muni ekki fá hæli og verði einfaldlega utan kerfisins,“ sagði Guðmundur sem gagnrýnir málsmeðferð yfirvalda.

jonhakon@frettabladid.is




Hundruð manns fögnuðu með Haniye þegar hún hélt upp á afmæli sitt í byrjun ágúst. Hún verður tólf ára í október en fékk afmælisveisluna fyrr svo tryggt væri að haldið yrði upp á afmælið á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

> Það er mjög mikilvægt fyrir dóttur mína að stunda nám og lifa góðu lífi og við viljum búa á meðal Íslendinga.
>
> Abrahim Maleki, hælisleitandi frá Afganistan




**Aukahlutapakki að verðmæti 728.000 kr. fylgir Land Cruiser 150 Black:**
GoodYear heilsársdekk, 18" BLACK álfelgur, hliðarlistar með krómi, hlíf á afturstuðara, krómhlíf á spegla, toppgrindarbogar, húddhlíf, krómlisti á afturhlera, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.

Um glæsileika Land Cruiser er engum blöðum að fletta og nú kynnum við hinn margrómaða töffara í margkrómaðri sérútgáfu – Land Cruiser 150 Black. Þessi eitursvali Land Cruiser er prýddur krómi á alla kanta og kolsvörtum 18" álfelgum sem lyftir glæsileikanum í nýjar hæðir. Og það er svalt á toppnum. Ekki hverfa í skuggann. Komdu og reynsluaktu Land Cruiser 150 Black.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Black-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Funduðu með kínverskum skiparisa um Finnafjarðarverkefnið

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn Cosco Shipping, þriðja stærsta skipafélags heims, funduðu í lok ágúst með sveitarstjóra Langanesbyggðar, starfsmönnum verkfræðistofunnar EFLU og fulltrúum innanríkisráðuneytisins, og fengu kynningu á áformum um stórskipa- og olíuþjónustuhöfn í Finnafirði.

Alls var um þrjá fundi eða kynningar að ræða og voru það starfsmenn frá skrifstofu kínverska skipafélagsins í Finnlandi sem óskuðu eftir kynningu á Finnafjarðarverkefninu.

„Þeir höfðu séð úti í Kína kynningu á verkefninu og áttu leið hingað til lands og óskuðu eftir fundi. Það eru engir aðrir fundir fyrirhugaðir og maður veit svo sem ekkert hvort það verður eitthvað. Hugmyndin í Finnafirði er góð en er enn einungis hugmynd," segir Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar.

**Þeir höfðu séð úti í Kína kynningu á verkefninu og áttu leið hingað til lands og óskuðu eftir fundi.**



Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Fundirnir voru haldnir dagana 24. til 26. ágúst og þá bæði í innanríkisráðuneytinu og hjá Íslandsstofu. Þeir voru skipulagðir af EFLU verkfræðistofu og segir í fundargerð sveitarstjórnar Langanesbyggðar að þeir hafi verið áhugaverðir og gengið vel.

Viljayfirlýsing um áframhaldandi samstarf um uppbyggingu hafnarinnar var undirrituð í maí 2016 af fulltrúum íslenskra stjórnvalda, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, EFLU og þýska fyrirtækisins Bremenport. Samstarfssamningur um verkefnið hafði þá verið undirritaður tveimur árum áður.

Hugmyndin er sú að Bremenport leiði fjármögnun framkvæmda og öflun verkefna fyrir væntanlega höfn og að framkvæmdir hefjist eftir þrjú til fimm ár.

„Það er búið að ráðast í jarðvegsrannsóknir í firðinum og á gróðri og dýralífi. Síðan var skrifað undir viljayfirlýsinguna árið 2016 og verkefnið er í raun statt þar ennþá. Svo er verið að kynna þetta á ráðstefnum um allan heim en sveitarfélagið á enga aðkomu að því," segir Elías. **– hg**

## Viðbúnaður aukinn vegna gestaliðsins

**LÖGGÆSLA** „Í stuttu máli sagt þá verðum við með viðbúnað svipaðan þeim sem var þegar Króatar komu í heimsókn," segir Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn.

Karlalið Íslands og Úkraínu mætast á Laugardalsvelli í undankeppni HM klukkan 18.45 í kvöld. Gert er ráð fyrir fullum velli en þar af verða um 900 stuðningsmenn gestaliðsins. Liðið hefur leikið heimaleiki sína fyrir luktum dyrum svo útileikir eru eini möguleiki stuðningsmanna til að sjá liðið sitt spila.

„Okkar upplýsingar frá lögreglu, bæði í Króatíu og Finnlandi, herma að það hafi verið einhver vandræði vegna þeirra áhangenda sem þangað mættu. Við verðum því með talsverðan viðbúnað," segir Ásgeir. Hann vill þó ekki segja nákvæmlega hve margir lögreglumenn verða að störfum við leikinn en þeir verði þó nokkrir. **– jóe**

## Júlíus Vífill til rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Héraðssaksóknari rannsakar Júlíus Vífil Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, vegna meintra skattsvika og peningaþvættis. Hann er sagður hafa átt peninga á erlendum bankareikningum og skotið undan skatti á árunum 2010 til 2015. RÚV greindi frá. Þá úrskurðaði Hæstiréttur á fimmtudag að Sigurður G. Guðjónsson lögmaður mætti ekki verja Júlíus Vífil þar sem til stæði að kalla hann til skýrslugjafar. **– skó**



Júlíus Vífill Ingvarsson.

# Sauðfjárbændur fá borgað í fimm ár bregði þeir búi í haust

**Sauðfjárbændum verður gert kleift að fá gripagreiðslur í fimm ár taki þeir ákvörðun um að hætta sauðfjárbúskap í haust. Þetta er ein af tillögum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur til að stemma stigu við offramleiðslu lambakjöts. Framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda segir ekki ráðist að rót vandans.**

**LANDBÚNAÐUR** Sauðfjárbændum gefst kostur á að fá 90 prósent af greiðslum sínum úr ríkissjóði í fimm ár ef þeir taka þá ákvörðun að bregða búi. Þetta er meðal tillagna Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur til að stemma stigu við offramleiðslu á kindakjöti og bráðavanda bænda vítt og breitt um landið. Um 650 milljónum króna á að verja úr ríkissjóði til sauðfjárbænda.

Markmið landbúnaðarráðherra er að fækka fé hér á landi um 20 prósent. Meðal tillagna er einnig að greitt verði sláturálag á fullorðnar ær sem koma til slátrunar í haust sem samsvarar fjögur þúsund krónum á hverja á. Auk þess eru ýmsar tillögur lagðar fram sem draga eiga úr kjaraskerðingu sauðfjárbænda.

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, telur þessar aðgerðir vera of litlar og koma of seint. Að hans mati er ekki verið að ráðast á þá rót vandans sem snýr að umframbirgðum á lambakjöti. „Þessar tillögur snúa ekki að því að minnka birgðastöðu sláturleyfishafa. Einnig er viðbúið að meira verði slátrað þetta haustið og því gætum við verið að velta vandanum á undan okkur án þess að taka á honum," segir Unnsteinn Snorri. „Við höfum bent á leiðir til að minnka birgðirnar, með beinum uppkaupum eða útflutningi á þessum afurðum."

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir þessar tillögur ekki á ábyrgð Bændasamtakanna og að þær gangi ekki nógu langt. „Bændasamtökin telja tillögurnar ekki leysa vandann að fullu þó þær séu í rétta átt," segir Sigurgeir Sindri. „Bændur hafa lagt fram tillögur til stjórnvalda sem miða að því að taka heildstætt á þeim vanda sem við blasir. Þær hugmyndir hafa ekki fengið brautargengi og er staðan því óbreytt. Hættan er sú að þær aðgerðir sem landbúnaðarráðherra leggur nú til séu ekki nægar og verði aðeins til þess að draga ástandið á langinn."

**Hættan er sú að þær aðgerðir sem landbúnaðarráðherra leggur nú til séu ekki nægar og verði aðeins til þess að draga ástandið á langinn.**

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir búvörusamningana vera meginvandamálið og þá þurfi að taka upp. „Menn misstu af tækifæri við gerð síðustu búvörusamninga," segir Ólafur. „Bæði gamli og nýi samningurinn eru framleiðsluhvetjandi. Við sýnum því skilning að nú þurfi að taka á þessum bráðavanda og það mun kosta peninga úr hendi ríkissjóðs. Hins vegar þurfum við að nýta tækifærið, taka upp búvörusamninga og draga úr framleiðsluhvetjandi styrkjum í landbúnaði."

sveinn@frettabladid.is



Meðal markmiða tillagnanna er að skera sauðfjárstofninn niður um eina kind af hverjum fimm. Sláturálag verður greitt fyrir fullorðið fé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






KIA

**Við stöndum með strákunum okkar**

The Power to Surprise

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Ráðherra hefur veitt níu undanþágur í ár

**STJÓRNMÁL** Dómsmálaráðherra hefur veitt erlendum ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins undanþágu til jarða- eða fasteignakaupa í níu tilvikum á þessu ári.

Ráðherra er heimilt að veita erlendum ríkisborgurum, sem ekki eru með lögheimili á Íslandi eða njóta réttar samkvæmt EES, EFTA eða Hoyvíkur-samningnum, sérstakt leyfi til jarðakaupa.

Stórtæk jarðakaup erlendra ríkisborgara komust aftur í kastljós fjölmiðla á dögunum eftir að Fréttablaðið greindi frá því að kínverskir fjárfestar hefðu áhuga á að kaupa Neðri-Dal í Biskupstungum, 1.200 hektara jörð, með það fyrir augum að byggja þar upp ferðamannatengdan iðnað og nýta heitt vatn sem finnst á jörðinni.



**Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra.**

Í svari dómsmálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um hversu mörg sérstök leyfi dómsmálaráðherra hafi veitt erlendum ríkisborgurum til jarðakaupa á kjörtímabilinu segir að ráðuneytið hafi samþykkt undanþágur í níu tilvikum á þessu ári en tveimur umsóknum hafi verið hafnað.

Átta þessara ellefu umsókna voru frá Bandaríkjunum, en tveimur þeirra var hafnað. Ein kom frá Nýja-Sjálandi, ein frá Kanada og ein frá Ástralíu.

Bandaríkjamönnum var hafnað um annars vegar 12,9 hektara jörð í Hvalfirði og sömuleiðis 50 prósent af 1.500 hektara jörð í Hornafirði. Bandarískt fyrirtæki fékk síðan að kaupa 25 prósent af 3,8 hekturum á Reykjanesi.

Samkvæmt svari ráðuneytisins voru hinar umsóknirnar um íbúðakaup á höfuðborgarsvæðinu og ein um frístundahús í Borgarfirði.

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra sat í nefnd um endurskoðun laga um eignar- og afnotarétt fasteigna árið 2014 en vinna þeirrar nefndar lagði grunn að þeim viðmiðunarreglum sem ráðuneytið styðst við í dag. **– smj**

# Brugðu á leik til að fagna Eid al-Adha



Sýrlensk börn gerðu sér dagamun í garði í Damaskus, höfuðborg landsins, vegna Eid al-Adha en hátíðin er önnur tveggja heilögustu hátíða múslima. Á hátíðinni minnast þeir vilja Abrahams til að fórna syni sínum en áður en til þess kom sýndi Allah honum geit til að fórna í staðinn. Hefðbundið er að slátra dýri og gefa þriðjung þess til fátækra. Annar þriðjungur er gefinn vinum en sá síðasti er handa fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Greiðslustöðvun áfram hjá United Silicon

**IÐNAÐUR** Kísilverksmiðja United Silicon fær áframhaldandi greiðslustöðvun til 4. desember. Héraðsdómur Reykjaness féllst á beiðni þess efnis í gær. Upphaflega fékk stjórn Sameinaðs Silicons ehf. heimild til greiðslustöðvunar sem miðaði að því að ná bindandi nauðasamningum við lánardrottna um miðjan ágúst. Kröfuhafar United Silicon óskuðu eftir framlengingu á greiðslustöðvun félagsins.

Umhverfisstofnun ákvað að stöðva starfsemi verksmiðjunnar í Helguvík á föstudag. Frávik frá starfsleyfi verksmiðjunnar hafi verið alvarleg. **– kk**


# Námsorlof

## kennara, námsráðgjafa og stjórnenda framhaldsskóla

Umsóknarfrestur til **3. október**

Rannís hefur opnað fyrir umsóknir um námsorlof á framhaldsskólastigi fyrir skólaárið 2018-2019. Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 3. október næstkomandi, kl. 16:00.

Um námsorlof geta sótt framhaldsskólakennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur framhaldsskóla. Einnig geta skólameistarar sótt um námsorlof fyrir hönd kennara viðkomandi skóla.

**Sótt er um rafrænt í gegnum umsóknakerfi Rannís.**

Nánari upplýsingar gefur Jón Svanur Jóhannsson, verkefnastjóri innlendra menntasjóða, í síma 515 5820 eða með tölvupósti á jon.svanur.johannsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is


# Seldi birgðir af frosnum hval fyrir 1,3 milljarða

**Birgðir Hvals hf. af frystum hvalaafurðum voru metnar á 2,6 milljarða króna í september í fyrra. Félagið hagnaðist um rétt tæpa tvo milljarða og greiddi eigendum 625 milljónir í arð. Eignarhlutir í HB Granda og Hampiðjunni skiluðu 3,2 milljörðum í tekjur.**



Kristján Loftsson, forstjóri Hvals, tilkynnti í mars í fyrra að hvalveiðum fyrirtækisins yrði hætt sökum markaðsaðstæðna í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalur hf. seldi frystar hvalaafurðir fyrir 1.247 milljónir króna á síðasta fjárhagsári fyrirtækisins sem lauk í september í fyrra. Skip félagsins fóru ekki til veiða sumarið 2016 en kjötbirgðir þess voru þá metnar á 2.560 milljónir króna samanborið við 3.567 milljónir árið á undan.

Samkvæmt nýjum ársreikningi Hvals, sem skilað var inn til Ríkisskattstjóra (RSK) í síðustu viku, hagnaðist félagið um rétt tæpa tvo milljarða króna frá tímabilinu 1. október 2015 til 30. september 2016. Tekjur frá dótturfélaginu Vogun hf. námu þá 3,2 milljörðum en voru 2,5 milljarðar árið á undan. Vogun á 33,5 prósenta hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu HB Granda og 37,6 prósent í Hampiðjunni.

Hlutabréf Hvals í Vogun voru metin á 23 milljarða króna í lok fjárhagsársins en eignir fyrrnefnda félagsins námu þá alls 26,8 milljörðum. Skuldirnar voru 10,9 milljarðar og átti Hvalur 12,6 milljarða í óráðstöfuðu eigin fé.

Fiskveiðihlutafélagið Venus, í eigu Kristjáns Loftssonar, forstjóra Hvals, Birnu Loftsdóttur og Sigríðar Vilhjálmsdóttur, var þá stærsti eigandi fyrirtækisins með 39,5 prósenta hlut. Alls eru hluthafar Hvals 111 talsins. Stjórn fyrirtækisins lagði í maí síðastliðnum til að greiddur yrði út 625 milljóna króna arður til eigenda. Þrjú árin þar á undan námu arðgreiðslur alls 2,6 milljörðum.

**2.560**

**milljónir króna var virði hvalkjötsbirgða Hvals hf. í septemberlok 2016.**

Hvalveiðiskip Hvals fóru síðast til veiða í september 2015. Frá 2013 til septemberloka 2015 veiddi Hvalur alls 426 langreyðar. Veiðar á þeim hófust aftur árið 2006. Kristján Loftsson sagði í mars 2016 að erfiðlega hefði gengið að koma kjötinu á markað í Japan. Fyrirtækið hefði mætt fjölmörgum hindrunum þar í landi og þær hefðu meðal annars snúið að síendurtekinni efnagreiningu á kjötinu. Fyrirtækið flutti í síðasta mánuði út um 1.400 tonn af frosnu hvalkjöti til Japans frá Hafnarfjarðarhöfn með flutningaskipinu Winter Bay. Ekki náðist í Kristján við vinnslu fréttarinnar.

haraldur@frettabladid.is


VOLVO
STUNDUM ERU AUGNABLIKIN SEM ALDREI VERÐA
ÞAU MIKILVÆGUSTU
Sagt er að öryggi snúist um nýsköpun. Uppfinning okkar á sjötta áratugnum á þriggja punkta bílbeltinu er frábært dæmi. Bakvísandi barnabílstóllinn sem við kynntum á áttunda áratugnum er annað gott dæmi. Sumir segja að öryggi snúist frekar um tækni eins og þá sem við kynntum um aldamótin sem greinir og varar við öðrum bílum í „blinda punktinum“ eða sjálfvirka hemla sem við kynntum í fyrsta skipti árið 2008.
Nýsköpun og tækni skipta vissulega máli í bílaöryggi. Það sem skiptir þó mestu máli er áhersla okkar á fólk sem er grundvöllurinn að hvatningu okkar til aukins öryggis. Allt sem við gerum er drifið áfram af fólkinu í bílunum og þeim sem eru fyrir utan. Þegar áherslan fer af tækninni og yfir á fólkið þá áttum við okkur á því að ábyrgð okkar er ekki eingöngu gagnvart augnablikinu þegar alvarlegur árekstur verður eða er við það að verða. Ábyrgðin felst í að tryggja ógleymanlegar stundir í framtíðinni sem verða vegna þess að slysum var afstýrt. Þess vegna smíðum við bíla fyrir fólk. Fyrir fólk sem ber umhyggju fyrir öðru fólki.
Framtíðin í öryggi – kynntu þér nýjan Volvo XC60
MADE BY SWEDEN
Brimborg
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050
volvocars.is

# Simaveski.is




Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



# Margfalt fleiri tilraunir en pabbi og afi gerðu

Einræðisherra Norður-Kóreu hefur látið gera margfalt fleiri kjarnorkuvopna- og eldflaugatilraunir en fyrirrennarar hans. Talið er að Norður-Kórea hafi í raun og veru sprengt vetnissprengju um helgina sem er margfalt öflugri en önnur vopn sem ríkið hefur áður gert tilraunir með. Óvíst er hvort ríkið búi yfir nægilega háþróuðum eldflaugum til að skjóta vetnissprengjum.



Kim Jong-un fundaði með félögum í Verkamannaflokknum í gær eftir kjarnorkusprengjutilraunina sem gerð var á sunnudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

**NORÐUR-KÓREA** Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, hefur nú látið framkvæma tvöfalt fleiri kjarnorkuvopnatilraunir en faðir hans og fyrirrennari, Kim Jong-il. Með mögulegri vetnissprengjutilraun sunnudagsins hefur Kim yngri nú látið framkvæma fjórar slíkar samanborið við tvær tilraunir Kims eldri. Þá hefur Kim Jong-un látið framkvæma margfalt fleiri eldflaugatilraunir en Kim Jong-il og Kim Il-Sung, afi hans, til samans.

Norðurkóreska fréttastofan KCNA greindi frá því á sunnudag að vetnissprengja hefði verið sprengd en ekki er víst hvort það sé allur sannleikurinn. Hins vegar sýna jarðskjálftamælingar fram á að sprengingin hafi verið einkar stór, er talið að hún hafi verið í kringum hundrað kílótonn, en sprengingar eru mældar í þúsundum tonna af TNT. Norska jarðskjálftastofnunin NORSAR telur sprenginguna hafa verið 120 kílótonn, eins og KCNA greindi frá. Til samanburðar samsvaraði síðasta, og jafnframt næststærsta, kjarnorkusprengja Norður-Kóreu um fimmtán kílótonnum.

> Stríð er ekki eitthvað sem Bandaríkin vilja. Við viljum það ekki núna en þolinmæði okkar er ekki þrotlaus.
>
> Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ



> Talið er að sprengjan sem sprengd var á sunnudag hafi samsvarað um 120 kílótonnum af TNT.

ABC-fréttastofan greinir frá því að Japanar vinni nú að því að safna sýnum úr andrúmsloftinu nærri Norður-Kóreu til að reyna að skera úr um hvort einræðisríkið hafi í raun og veru sprengt vetnissprengju. Það gæti þó tekið nokkrar vikur.

Vetnissprengjur eru frábrugðnar hefðbundnum kjarnorkusprengjum að því leyti að þær nota orkuna sem losnar við kjarnaklofnun til að koma af stað kjarnasamruna í vetni. Eru þær margfalt kraftmeiri fyrir vikið en hinar hefðbundnu kjarnorkusprengjur sem styðjast eingöngu við kjarnaklofnun.

Philip Coyle, sérfræðingur sem var yfir vopnatilraunum Bandaríkjahers í forsetatíð Bills Clinton, sagði við ABC að líklega væru yfirvöld í Norður-Kóreu að segja satt. „Sumir gætu sagt að sprengikrafturinn hafi að mestu orsakast af kjarnaklofnun en ekki kjarnasamruna en það skiptir tæknilega séð ekki máli. Sprengingin væri samt vetnissprengja,“ sagði Coyle.

Vetnissprengjur hafa aldrei verið notaðar í stríði en Bandaríkin prófuðu fyrstu sprengjuna árið 1952. Alls búa fimm ríki yfir slíkum sprengjum, Bandaríkin, Rússland, Bretland, Frakkland og Kína. Ísraelar, Indverjar og Pakistanar, sem eiga að öllum líkindum kjarnorkusprengjur, eiga ekki vetnissprengjur. Nú gæti hins vegar verið að Norður-Kórea hafi bæst í hóp ríkjanna fimm.

CNN greindi frá því í gær að þótt Norður-Kórea búi einnig yfir langdrægum eldflaugum sé ekki víst að þær gætu flutt slíka sprengju. Sagði sérfræðingurinn Jeffrey Lewis í samtali við CNN að óvíst væri hvort kjarnorkuvopn Norður-Kóreu myndu þola flug með langdrægri eldflaug og hvort eldflaugar einræðisríkisins væru nógu nákvæmar til að hitta skotmörk sín.

Bandaríkjamenn hafa ekki tekið kjarnorkutilrauninni þegjandi og hljóðalaust og lýsti Nikki Haley, sendiherra þeirra hjá Sameinuðu þjóðunum, því yfir í gær að tími væri kominn til að Öryggisráðið beitti öllum mögulegum aðferðum til að hafa hemil á Norður-Kóreu. „Stríð er ekki eitthvað sem Bandaríkin vilja. Við viljum það ekki núna en þolinmæði okkar er ekki þrotlaus,“ sagði Haley. **thorgnyr@frettabladid.is**




## Evrópa unga fólksins

Umsóknarfrestur til **4. október**

Þann 1. júlí 2017 tók Rannís yfir umsjón með æskulýðshluta Erasmus+. Allir styrkir til æskulýðsstarfs úr Erasmus+ á Íslandi verða óbreyttir.

**Fimmtudaginn 7. september kl. 14 -16:30 verður opin kynning á tækifærum og styrkjum úr æskulýðshluta Erasmus+.**

Kynningin verður haldin í Borgartúni 30, 6. hæð.

**Skráning á www.euf.is**

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Erasmus+

rannís www.rannis.is

LYFJA – Lifið heil

# Fyrir þig í Lyfju

## 15% afsláttur

**af öllum Nicotinell Fruit pakkningum**




**Gildir út september 2017**

Nicotinell Classic/Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.


SNYRTI
BUDDAN
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM
5.–7. SEPT.
PIPAR\TBWA • SÍA
Skráðu þig í glæsilegasta snyrtivöruklúbb landsins á lyfogheilsa.is
BARE MINERALS BOBBI BROWN BIOTHERM CLARINS CHANEL ELISABETH ARDEN ESTÉE LAUDER GUERLAIN HELENA RUBIN-STEIN LANCOME SENSAI KANEBO YVES SAINT LAURENT LA MER GOSH L'ORÉAL MAYBELLINE MAX FACTOR ILMIR ORIGINS GLAM GLOW BIOEFFECT RIMMEL SKYN ICELAND DERMACOL INIKA BURT'S BEES OPI ESSIE SALLY HANSEN REAL TECHNIQUES NAGLAVÖRUR GERVIAUGNHÁR AUGNHÁRALITUR BRÚNKUKREM
Lyf & heilsa
Við hlustum!

# Hin gleymdu



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Sprengikraftur kjarnorkusprengjunnar sem Norður-Kóreumenn sprengdu á sunnudaginn var á við 120 kílótonn af sprengiefni. Það tók skjálftabylgjuna aðeins 11 mínútur að ferðast 7.630 kílómetra, þangað til jarðskjálftamælar norsku rannsóknarstöðvarinnar NORSAR greindu hana í Heiðmörk í austurhluta Noregs. Sprengjan var margfalt öflugri en sú sem Bandaríkjamenn vörpuðu á Hiroshima í ágúst 1945 og sú kraftmesta sem ríkið hefur sprengt hingað til.

Leiðtogar útlagaríkisins hafa árum saman forgangsraðað auðlindum sínum í eflingu hernaðargetu sinnar á kostnað þegnanna. Þessi áhersla hefur haft skelfilegar afleiðingar fyrir íbúa Norður-Kóreu. Milljónir sultu í hel í landinu á tíunda áratug síðustu aldar, er meiri áhersla var lögð á eflingu hersins.

Þær milljónir manna sem búa við örbirgð í Norður-Kóreu gleymast oft í þeirri stöðluðu atburðarás sem fer af stað eftir tilraunir ráðamanna í Norður-Kóreu með kjarnavopn eða eldflaugar.

Ógranir Norður-Kóreumanna eru ekki nýjar af nálinni en nú kveður við nýjan tón í þeirri orðræðu sem einkennir viðbrögð við þessum tilraunum. Bandaríkjaforseti hefur viðrað hugmyndir um harðari viðskiptaþvinganir og beinir orðum sínum að Kína og Rússlandi sem eiga í viðskiptum við útlagaríkið.

Eins og blaðamaðurinn og rithöfundurinn Mark Bowden útskýrir í umfjöllun sinni um Norður-Kóreu í síðasti tölublaði The Atlantic, þá eru slíkar aðgerðir hreint ekki til þess fallnar að stilla til friðar. Slíkar efnahagslegar árásir koma niður á þeim sem verst hafa það í Norður-Kóreu, auk þess sem óvíst er hvaða áhrif slík bönn hafa á viðhorf yfirvalda í Norður-Kóreu.

Sú hugmynd að kjarnavopn ógni á ný heimsfriði með svo beinskeyttum hætti er í senn kunnugleg og skelfileg. Ógnin er ekki lengur bundin við Kóreuskaga, heldur er hún hnattræn. Í slíku andrúmslofti er freistandi að örvænta og leiða hugann að öðru, en eins og Robert Oppenheimer sagði á ævikvöldi sínu, eftir að hafa þróað kjarnorkusprengjuna og síðar barist gegn útbreiðslu hennar, þá er heimurinn sannarlega á leiðinni til heljar – það eina sem stendur í vegi fyrir því að hann fari þangað er vilji okkar til að koma í veg fyrir það.

Því ættum við að verða við ósk hinnar norðurkóresku Yeonmi Park, sem flúði Norður-Kóreu árið 2007 og hélt fyrirlestur hér á Íslandi á dögunum. Hún sagði í samtali við Fréttablaðið að Íslendingar ættu að láta sig málefni Norður-Kóreubúa varða. „Enginn getur stöðvað einræðisherrann í að búa til þessar sprengjur [...] Breytingarnar verða að eiga sér stað hjá fólkinu.“

Það er óskandi að fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi beini sjónum að þeirri skelfilegu stöðu sem ríkir í Norður-Kóreu, að við tökum höndum saman við aðrar friðsamar þjóðir og beinum því til allra deiluaðila að leita friðsamlegra lausna þar sem velferð Norður-Kóreubúa verður höfð að leiðarljósi.

**Efnahagslegar árásir koma niður á þeim sem verst hafa það í Norður-Kóreu.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Viðbrögðin**

**Fréttablaðið greindi frá því í gær að Íslandsbanki, sem er að fullu í eigu ríkisins, býður völdum viðskiptavinum sínum í laxveiði í Norðurá. Bankinn vill ekki upplýsa hversu mörgum var boðið í veiði né hver kostnaðurinn var. Fréttin, sem var á forsíðu blaðsins, vakti þó enga sérstaka athygli ef marka má viðbrögð almennings á samfélagsmiðlum eða undirtektir annarra fjölmiðla. Það er af sem áður var þegar þrír bankastjórar Landsbankans misstu allir vinnuna á einu bretti vegna kostnaðarsamra laxveiðiferða. Þótt nauðsyn ferðanna fyrir viðskipti bankans sé lítt betur skýrð nú en þá.**

**Afturhaldssemi**

**Þegar núverandi ríkisstjórn var stofnuð supu margir stjórnlyndir menn hveljur og töldu að um væri að ræða mestu frjálshyggjustjórn sem völ væri á. Lítið hefur gerst á þeim átta mánuðum sem liðnir eru frá því að stjórnin var mynduð og allra síst að teknar hafi verið neinar ákvarðanir út frá frjálshyggjuprinsippum. Ákvörðun landbúnaðarráðherra um að veita 650 milljónir króna til að leysa vanda bænda er síðan hvorki í takt við nútímaleg vinnubrögð sem Björt framtíð hefur boðað né heldur frjálslyndi sem hinir tveir flokkarnir boða. Hún er miklu nær því að nálgast það að vera argasta afturhaldssemi.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Skemmri skírn



Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður Framsóknarflokksins

Töluvert vantar upp á tillögur þær sem landbúnaðarráðherra birti í gær til að leysa vanda sauðfjárbænda. Tillögurnar eru ágætar svo langt sem þær ná. Þær eru hins vegar skemmri skírn og plástur á sár sem ekki grær. Stjórntæki vantar til að taka á birgðavandanum og engar skuldaaðgerðir eru í augsýn fyrir unga bændur. Lækkun á afurðum sem bændur eiga nú von á setur því allar áætlanir sauðfjárheimila í loft upp.

Umframmagn af kjöti er ennþá til staðar og sláturtíðin hafin. Heimili í sauðfjárrækt munu ekki fá tekjur fyrir útlögðum kostnaði sem fór í að kaupa aðföng. Allt stefnir í mikla kauplækkun á meðan laun annarra stétta í þjóðfélaginu hafa hækkað um 30-35%. Afkoman verður neikvæð EBITDA og á þá eftir að greiða vexti, verðbætur og afskriftir.

Hafa áhrifin verið greind? Hefur landbúnaðarráðuneytið upplýsingar um áhrif tillagnanna á tekjur fólks sem stundar sauðfjárbúskap, á unga bændur, á samfélög? Hver verður staða bænda eftir eitt ár? Hver verður staða heimila á svæðum brothættra byggða, þar sem nú eru rúmlega 200 heimili sem lifa af sauðfjárbúskap?

Afleiðingarnar geta orðið fjöldagjaldþrot hjá ungum bændum með börn sem um leið sjá fram á að missa heimili sín, þar sem þau eru veðsett. Offramboð á jörðum, afleidd störf í matvælaframleiðslu munu hverfa og byggðirnar tæmast.

Ríkisstjórnin verður að hlusta á lausnir til að leysa birgðavandann.

Sandkassaleik ráðherra Viðreisnar með landbúnaðarráðherra í broddi fylkingar verður að stöðva. Forsætisráðherra sem hefur sagt að í gildi sé búvörusamningur, og það standi ekkert annað til en að stjórnvöld standi við þann samning, verður að stíga fram og tryggja stuðning ríkisstjórnarinnar sem allra fyrst.

Nágrannalöndin verja sína landbúnaðarframleiðslu. Evrópusambandið losar bændur við umframbirgðir, s.s. mjólkurduft, smjör og kjöt og setur í frysti eða selur út fyrir svæðið. Ríkisstjórnin getur ekki skorast undan ábyrgð nema ráðherra Viðreisnar ætli sér að leggja íslenska matvælaframleiðslu niður og þúsundir starfa.

**Hefur landbúnaðarráðuneytið upplýsingar um áhrif tillagnanna á tekjur fólks sem stundar sauðfjárbúskap, á unga bændur, á samfélög?**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kólumkilli eða sveppasúpa



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar



Ég held að það hafi verið einhvern tíma seint á sjöunda áratugnum að hann faðir minn, Stefán Jónsson fréttamaður, fór norður í land til þess að taka viðtöl við íbúa á bæ þar sem reimleikar höfðu gert vart við sig. Viðtölunum var útvarpað sem fréttaauka þjóðinni til fróðleiks. Það voru engar athugasemdir gerðar við þennan fréttaflutning af draugum vegna þess að þjóðin trúði á þá, hafði lifað með þeim í þúsund ár. Það hafði lítil áhrif á trú manna á tilvist látinna á meðal þeirra að það var ekki hægt að sanna hana með vísindalegum aðferðum, enda ljóst að allir draugar með einhverja sjálfsvirðingu hyrfu af vettvangi ef farið væri að beina að þeim mælitækjum. Svona var íslensk þjóð, staðföst og lét ekki vísindalegar aðferðir byrgja sér sýn á það sem er dularfullt og spennandi.

Hvernig skyldi þetta svo vera í dag á okkar farsælda Fróni? Draugarnir búa ekki með okkur lengur, þeir eru fluttir eitthvað annað. Þeir síðustu pökkuðu saman draslinu sínu og fóru þegar Google fór að segja okkur að trúin á þá væri hjátrú sem ekki væri sæmandi menntaðri þjóð. En það breytir því ekki að þjóðin er enn staðföst í trú sinni á ýmislegt dularfullt og spennandi sem ekki hefur verið sannað með aðferðum vísindanna. Klárasta dæmið um þessa staðfestu upp á síðkastið er trúin á heilsuspillandi áhrif myglusveppa í húsum.

Þrátt fyrir vandlega leit í læknisfræðibókmenntum okkar tíma hefur mér ekki tekist að finna þess merki að búið sé að sýna fram á með vísindalegum aðferðum að myglusveppir í húsum vegi að heilsu manna. Þrátt fyrir það velkist íslensk þjóð ekki í vafa um áhrif myglusveppa á heilsu og má sjá merki þess víða í samfélaginu. Til dæmis ef ekið er austur Sæbrautina blasir við risastórt hús, autt, þar sem einu sinni var banki sem var ýmist fallitt eða ekki. Húsið var rýmt af því að margir starfsmenn bankans urðu lasnir og sumir bráðlasnir af völdum myglusvepps, sem læknisfræðin veit ekki enn hvort vegur að heilsu fólks eða ekki. Þetta hús er svo stórt að ef það hefði verið rýmt áður en draugarnir hurfu annað hefðu þeir allir rúmast þar, getað flutt þangað vegna þess að mér finnst líklegt að draugar séu ónæmir fyrir myglusveppum.

Svo er það hús Orkuveitunnar og þúsundir annarra húsa víðsvegar um landið og okkur er sagt að tjónið af völdum myglusvepps á Íslandi nemi tugum miljarða. Þetta byrjaði á því að inn í hús nokkur kom ung kona í kafarabúningi (ghost buster) og fann myglusveppi grimmilega sem hún lagði á mjaðmahnykk. Síðan þá hefur baráttan við myglusveppinn orðið mjög stór iðnaður á Íslandi og engin atvinnugrein vaxið meira í landinu nema ferðaþjónustan.

Nú er ég ekki að halda því fram að það sé loku fyrir það skotið að myglusveppur í húsum geti valdið heilsuvanda hjá þeim sem þar búa eða vinna á sama máta og ég er ekki viss um nema draugar séu til, í báðum þessum tilfellum vantar einfaldlega sönnun þess að svo sé. Þess vegna væri ekki úr vegi að byrja á því að rannsaka málið áður en hús eru dæmd ónýt og rifin og tugmiljarða króna tjón gert að raunveruleika. Rannsókn á skaða þeim sem myglusveppur kann að valda á heilsu manna verður eingöngu unnin á Íslandi vegna þess að í öðrum löndum búa maðurinn og sveppurinn í friðsömu sambýli og hvorugur kvartar undan hinum.

**Þetta byrjaði á því að inn í hús nokkur kom ung kona í kafarabúningi (ghost buster) og fann myglusveppi grimmilega sem hún lagði á mjaðmahnykk. Síðan þá hefur baráttan við myglusveppinn orðið mjög stór iðnaður á Íslandi og engin atvinnugrein vaxið meira í landinu nema ferðaþjónustan. Nú er ég ekki að halda því fram að það sé loku fyrir það skotið að myglusveppur í húsum geti valdið heilsuvanda hjá þeim sem þar búa eða vinna á sama máta og ég er ekki viss um nema draugar séu til, í báðum þessum tilfellum vantar einfaldlega sönnun þess að svo sé.**

# Burt með frítekjumarkið og það strax



Erna Indriðadóttir
varaformaður FEB

Eldra fólk á Íslandi er fjölbreyttur hópur sem býr við mismunandi aðstæður. Engu að síður er það staðreynd að um 60% þeirra sem eru 67 ára og eldri, eru með mánaðartekjur undir 350 þúsundum á mánuði, fyrir skatt.

### Fólki nánast meinað að vinna

Þetta eru ekki háar tekjur og til að bæta gráu ofan á svart er þessum hópi nánast meinað að vinna og afla sér aukatekna til að drýgja mánaðarlaunin. Þeir sem gera það, sitja uppi með að þurfa að borga 60-73% í jaðarskatt af viðbótartekjunum og jafnvel meira. Þeir halda kannski ekki eftir nema 27 þúsund krónum, vinni þeir sér inn 100 þúsund krónur. Það er því ekki skrítið að fólk hugsi sig um tvisvar bjóðist því hlutastarf eftir að það er komið á eftirlaun. Þó fólki þyki gaman að vinna er það ekki tilbúið að gera það fyrir nánast ekki neitt.

**Þeir sem eiga sitt eigið húsnæði geta skrimt af hinum lága lífeyri, en Guð hjálpi þeim sem eru á leigumarkaðinum.**

### Frítekjumark vegna viðbótartekna

Þeir sem eru á vinnumarkaðinum borga venjulegan skatt af þeim viðbótartekjum sem þeir kunna að afla sér fyrir utan sína föstu vinnu. En fyrir eldra fólk gilda svokölluð „frítekjumörk“. Þau eru samanlagt 25.000 á mánuði fyrir launatekjur, vaxtatekjur og lífeyristekjur. Sem þýðir að menn mega hafa 25.000 krónur í viðbótartekjur á mánuði áður en það fer að lækka heildarlaunin. Hafi þeir lífeyristekjur eða fjármagnstekjur umfram 25.000 krónur byrja atvinnutekjurnar strax að skerðast. Allt sem er umfram lækkar ellilífeyrinn frá Tryggingastofnun ríkisins.

### Eiga að búa við sömu skattlagningu og aðrir

Á sama tíma vantar vinnandi hendur í landinu. Nýjustu fréttir herma að það vanti til dæmis starfsfólk á frístundaheimilin á höfuðborgarsvæðinu. Það er almennt viðurkennt að eldra fólk hefur gott af því að vinna eins lengi og það vill og getur. Það eykur veltuna í samfélaginu og bætir heilsu eldra fólks. Þannig sparast útgjöld ríkisins til heilbrigðismála og það fær líka meiri virðisaukaskatt í kassann. Ríkisstjórnin hyggst hækka frítekjumörkin fyrir atvinnutekjur í 100.000 krónur á fimm árum. Það er vissulega góður ásetningur, en það verður að afnema þessi frítekjumörk og það strax. Eldra fólk á að búa við sömu skattlagningu og aðrir sem vinna sér inn aukatekjur.

### Eru allar bjargir bannaðar

Ef þeir sem hafa þessi lágu eftirlaun vilja selja eignir eins og til dæmis sumarbústað, til að drýgja tekjurnar, er þeim nánast gert það ókleift líka. Hjón sem seldu sumarbústaðinn sinn misstu þannig allan ellilífeyrinn frá Tryggingastofnun. Þannig eru þessum hópi allar bjargir bannaðar. Hann má hvorki afla sér viðbótartekna né selja eignir. Þeir sem eiga sitt eigið húsnæði geta skrimt af hinum lága ellilífeyri, en Guð hjálpi þeim sem eru á leigumarkaðinum. Ekki gera stjórnvöld það.





**Volkswagen Golf Metan**
**frá 3.150.000 kr.**

Þegar þú kaupir Golf Metan færðu eldsneytið frítt í heilt ár.



**Škoda Superb**
**frá 4.440.000 kr.**

Kaupauki að verðmæti
**300.000 kr.**
fylgir öllum pöntuðum Superb í september.



**Mitsubishi Double Cab 4x4**
**frá 4.750.000 kr.**

Verð áður 5.750.000 kr. Þú sparar
**1.000.000 kr.**





**Audi Q2**
**Frá 5.590.000 kr.**

20% afsláttur af aukahlutum sem pantaðir eru með Audi Q2 í september.



**Volkswagen Caddy**
**frá 2.550.000 kr.**

Í september fylgir öllum Caddy sendibílum margmiðlunartæki með bakkmyndavél.

# HAUSTRÓ



## Reynsluakstur gæti fært þér glaðning!

Komdu og reynsluaktu nýjum bíl hjá HEKLU. Þú færð ekki bara ánægju út úr akstrinum heldur gætirðu átt von á óvæntum glaðningi.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



**Volkswagen Tiguan Comtortline**
**frá 5.890.000 kr.**

Kaupauki að verðmæti
**425.000 kr.**
fylgir Tiguan í september.

- Rafdrifinn afturhleri
- Lyklalaust aðgengi
- Aðfellanlegir hliðarspeglar
- Niðurfellanlegur dráttarkrókur



**Mitsubishi ASX 4x4**
**frá 4.190.000 kr.**

Verð áður 4.890.000 kr. Þú sparar
**700.000 kr.**



**Škoda Fabia**
**frá 2.220.000 kr.**

Kaupauki að verðmæti
**150.000 kr.**
fylgir öllum pöntuðum Fabium
í september.



**Škoda Octavia**
**frá 3.350.000 kr.**

Dráttarbeisli fylgir öllum Octavium
í september.



**Audi A3 e-tron**
**Frá 4.190.000 kr.**

Ótrúlega gott verð á frábærum bíl!

# HJÁ HEKLU

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5



**Volkswagen Passat GTE Variant**
**frá 4.930.000 kr.**

Dráttarbeisli fylgir Passat GTE Variant
í september.

Gildir ekki með öðrum tilboðum.

## Pantaðu nýjan bíl í september og þú færð vænan haustbónus.

Haustið er rétti tíminn til að fá sér nýjan bíl hjá HEKLU því nú fylgir honum sérstakur haustbónus í formi afsláttar eða aukahluta. Komdu í reynsluakstur og festu þér nýjan bíl á einstökum kjörum. Þú gætir jafnvel fengið óvæntan glaðning ef heppnin er með þér. Hlökkum til að sjá þig!

HEKLA

## Unnu öruggan sigur en eru ekki enn orðnar Íslandsmeistarar



**Einlægur fögnuður** Þór/KA gat tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með því að vinna Stjörnuna í 16. umferð Pepsi-deildar kvenna í gær og treysta á að Breiðabliki mistækist að vinna ÍBV á sama tíma. Þór/KA gerði sitt og vann öruggan 3-0 sigur en Breiðablik vann ÍBV með sömu markatölu og því fór titillinn ekki norður. Þór/KA er þó enn í frábærri stöðu; með fimm stiga forskot á Breiðablik þegar tveir leikir eru eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Með örlögin í okkar höndum

**Eftir tapið fyrir Finnlandi á laugardag er leikurinn gegn Úkraínu á Laugardalsvelli í kvöld enn mikilvægari fyrir vikið. Ætli strákarnir okkar sér á heimsmeistaramótið í Rússlandi næsta sumar mega þeir ekki við tapi.**

**FÓTBOLTI** „Við tölum ekki um tap,“ sagði Heimir Hallgrímsson í stuttu svari sínu á blaðamannafundi landsliðsins á Laugardalsvelli í gær, spurður um hvort möguleikar Íslands um sæti á HM í Rússlandi séu úr sögunni ef Ísland lýtur í gras fyrir Úkraínu í kvöld.

Staðan í riðlinum er engu að síður sú að með tapi eru möguleikar Íslands á að komast til Rússlands litlir. Heimir orðaði það þannig sjálfur í samtali við Fréttablaðið að leikurinn snerist um að hafa örlögin enn í hendi sinni.

„Við leggjum leikinn upp þannig. Við viljum stjórna okkar eigin örlögum. Með sigri verðum við í mjög fínni stöðu. Ef sú staða býður okkur upp á þann möguleika að berjast áfram um fyrsta sætið í riðlinum væri það frábært,“ sagði Heimir.

Tap Íslands á laugardag þýðir að strákarnir okkar eru nú í þriðja sæti riðilsins í undankeppninni, þremur stigum á eftir Króatíu og einu á eftir Úkraínu. Sigurvegari riðilsins tryggir sér farseðilinn til Rússlands en annað sætið tryggir líklega sæti í umspilinu í nóvember. Heimir hefur ekki áhyggjur af því að leikmenn liðsins hafi dvalið lengi við tapið fyrir Finnlandi.

„Þessir strákar eru vanir því að spila fótbolta og maður vinnur víst ekki alla leiki. Það eru ekki bara sigrar í lífinu. Karakterinn kemur yfirleitt í ljós í mótlætinu og nú er það okkar að sýna hvað í okkur býr. Við þurfum að snúa bökum saman og vinna þetta úkraínska lið.“



Viðar Örn Kjartansson er kominn aftur í landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hálfu skrefi á eftir**

Heimir segir að leikmenn hafi ætlað sér um of í leiknum á laugardag - þeir hafi einfaldlega verið of metnaðarfullir.

„Við vorum hálfu skrefi á eftir í flestum þáttum. Það var of mikill æsingur í mönnum en á morgun [í dag] þurfum við að vera þolinmóðir og talsvert grimmari. Við munum fá tækifærin, eins og þá, en þurfum að nýta þau,“ segir Heimir.

Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði liðsins, tók í svipaðan streng spurður um leikinn í Tampere. „Það var erfitt að taka þessu tapi. Við byrjuðum ekki nógu vel en samt er það svo að maður upplifði það ekki inni á vellinum að við værum að spila illa. Við vissum að Finnarnir myndu mæta grimmir til leiks og við hefðum sjálfir þurft að byrja betur,“ segir fyrirliðinn.

**Stjörnur á köntunum**

Tveir bestu leikmenn úkraínska liðsins eru kantmennirnir Andriy Yarmolenko og Yevhen Konoplyanka. Sá síðarnefndi er nýkominn til Schalke í Þýskalandi frá Sevilla á Spáni en Yarmolenko hafði leikið allan sinn feril í Dynamo Kiev þar til hann var keyptur á dögunum til þýska stórliðsins Dortmund til að fylla í skarðið sem Ousmane Dembele skildi eftir sig er hann var seldur til Barcelona. Úkraína vann á laugardag góðan 2-0 sigur á Tyrklandi sem kom liðinu í lykilstöðu.

Yarmolenko skoraði bæði mörk Úkraínu. „Það var aðdáunarvert að sjá hvernig þeir spiluðu í þeim leik. Báðir vængmennirnir þeirra voru á flugi enda með mikið sjálfstraust þessa dagana. Þeir eru afar öflugir í návígjum en við höfum áður lent á svona mönnum, sem geta gert mikið upp á eigin spýtur,“ útskýrir þjálfarinn. „Úkraína er með frábært skyndisóknarlið og það er ljóst að við þurfum toppleik til að leggja þá að velli.“

**Treystir Viðari Erni**

Heimir segist óhræddur við að breyta til í íslenska liðinu ef hann telur þörf á því. Viðar Örn Kjartansson var kallaður í hópinn í stað Rúriks Gíslasonar sem verður í leikbanni í dag. Hann segist óhræddur við að taka áhættu og treystir Viðari Erni jafn mikið og öðrum leikmönnum í hópnum.

„Við værum ekki að kalla hann inn nema af því að við teljum að við þurfum á honum að halda, sama hversu mikið og í hvaða hlutverki,“ segir Heimir.

Aron Einar segir að það sé hugur í leikmönnum og að þeir séu ólmir í að bæta fyrir ófarirnar í Finnlandi. „Þegar kemur bakslag þá sér maður hvernig hóp við erum með og hvað í honum býr. Ég sé að menn eru ákveðnir í að bæta upp fyrir tapið. Þetta eru strákar sem vilja axla ábyrgð og menn eru klárir í þennan slag. Svo einfalt er það.“ eirikur@365.is

## EM í körfubolta



Ungverjaland vann 12 stiga sigur á Tékklandi, 85-73, á EM í körfubolta í gær. Sigurinn var sögulegur en þetta var fyrsti sigur Ungverja á EM í 48 ár, eða síðan 1969. Adam Hanga átti stórleik fyrir Ungverjaland og skoraði 31 stig, tók átta fráköst og sendi átta stoðsendingar. Ungverjar eru með fjögur stig í C-riðli.

## Úrslit

**C-riðill**

| | |
|---|---|
| Ungverjal. - Tékkland | 85-73 |
| Svartfj.land - Króatía | 72-76 |
| Spánn - Rúmenía | 91-50 |

**D-riðill**

| | |
|---|---|
| Lettland - Bretland | 97-92 |
| Belgía - Rússland | 67-76 |
| Serbía - Tyrkland | 80-74 |

**Undankeppni HM 2018**

**C-riðill**

| | |
|---|---|
| Þýskaland - Noregur | 6-0 |
| N-Írland - Tékkland | 2-0 |
| Aserbaísjan - S. Marínó | 5-1 |

**Staðan:** Þýskaland 24, N-Írland 19, Aserbaísjan 10, Tékkland 9, Noregur 7, S. Marínó 0.

**E-riðill**

| | |
|---|---|
| Armenía - Danmörk | 1-4 |
| Pólland - Kasakstan | 3-0 |
| Svartfj.land - Rúmenía | 1-0 |

**Staðan:** Pólland 19, Danmörk 16, Svartfj.land 16, Rúmenía 9, Armenía 6, Kasakstan 2.

**F-riðill**

| | |
|---|---|
| England - Slóvakía | 2-1 |
| Skotland - Malta | 2-0 |
| Slóvenía - Litháen | 4-0 |

**Staðan:** England 20, Slóvakía 15, Slóvenía 14, Skotland 14, Litháen 5, Malta 0.

**Pepsi-deild kvenna**

**Þór/KA - Stjarnan 3-0**
1-0 Sandra María Jessen (12.), 2-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (38.), 3-0 Hulda Ósk Jónsdóttir (86.).

**Breiðablik - ÍBV 3-0**
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (49.), 2-0 Berglind (74.), 3-0 Berglind (86.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Þór/KA | 41 | FH | 19 |
| Breiðablik | 36 | Grindavík | 14 |
| Valur | 31 | KR | 12 |
| ÍBV | 31 | Fylkir | 8 |
| Stjarnan | 30 | Haukar | 1 |

**Undankeppni EM U-21 árs liða**

**Ísland - Albanía 2-3**
1-0 Axel Óskar Andrésson (45.), 1-1 Kristal Abazaj (45+1.), 1-2 Abazaj (65.), 2-2 Viktor Einarsson (71.), 2-3 Fiorin Durmishaj (75.).

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.45 | Tyrkland - Króatía | Sport |
| 18.45 | Írland - Serbía | Sport 2 |
| 18.45 | Moldóva - Wales | Sport 3 |
| 20.45 | HM markasyrpa | Sport |
| 22.10 | Ísland - Úkraína | Sport |

# Fólk

ÞRIÐJUDAGUR 5. SEPTEMBER 2017

## Heilsa



Hólmgeir Gauti Agnarsson stundar jöfnum höndum nám í efnaverkfræði við Háskóla Íslands og ballettnám við Klassíska listdansskólann. MYND/EYÞÓR

# Einn með ballerínum

Þegar Breiðhyltingurinn og efnaverkfræðineminn Hólmgeir Gauti Agnarsson byrjaði í ballettnámi sagði hann engum nema sínum nánustu frá því að hann væri farinn að klæðast sokkabuxum og dansa. →2



Þrátt fyrir lítinn garð nær Jón Yngvi Jóhannsson að rækta um 20 tegundir af mat- og kryddjurtum.

heilsa →4


FYRIR OKKUR




Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.
Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

Viltu stofna fyrirtæki?

Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.



Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjudagana 12., 19. og 26. september kl. 16:10 – 19.

Námskeiðsstaður er Háskóli Íslands – Askja, stofa N-128, Sturlugötu, Reykjavík.

Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is
Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

Nánari upplýsingar og skráning í síma 894-6090 eða á alb@lexista.is
Námskeiðsgjald er 45.000 kr. og greiðist við skráningu.

Lexista

VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu um 50%.

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is



Það vantar stráka í ballett,“ segir Hólmgeir Gauti sem fann fljótt til stolts og gleði yfir því að vera ballettdansari, enda naut hann skjótt virðingar og aðdáunar sem slíkur.

„Allir strákar dansa, á djamminu eða við tónlist heima, og allir hafa sitt tempó og tjútt. Fæstir taka þó stökkið eða hafa hugsun á því að fara í ballettnám né átta sig á því hvað það er gaman. Þá eru alltaf einhverjir smeykir um að fá á sig hommastimpil en þar er ekkert að óttast. Allan þann tíma sem ég hef lært dans hef ég hitt aðeins einn samkynhneigðan dansara; allir hinir eru gagnkynhneigðir. Því er tímabært að útrýma þessari mýtu, enda endemis vitleysa.“

## Dansar í Þjóðleikhúsinu

Hólmgeir Gauti æfði karate frá sjö til sautján ára aldurs, og segir að hann hefði aldrei getað farið í dansinn ef ekki væri fyrir söng- og leiklistarskólann Sönglist sem ýtti undir sjálfstraust hans og hjálpaði honum að stíga út fyrir rammann.

„Það var svo á leiksýningunni Billy Elliott sem mér flaug í hug að byrja í ballett. Mamma greip það strax á lofti og setti sig í samband við dansara sem mælti með því að ég færi í inntökupróf í Klassíska listdansskólanum. Ég hafði ekkert betra að gera, skellti mér í prófið, fékk inni og mætti í balletttíma vikuna á eftir, sem ég vissi reyndar ekki að væri tími í klassískum ballett en hélt að væri nútímadans. Það reyndist svo ótrúlega gaman og hefur verið samfellt ævintýri síðan,“ segir Hólmgeir Gauti sem var eini strákurinn sem þreytti inntökupróf það árið. Í sumar fetuðu fleiri strákar í fótspor hans og eru nú byrjaðir í náminu.

„Ég hef aldrei fengið neikvæðar athugasemdir vegna ballettsins, bara mikið af hrósi og áhuga. Ég heyri reglulega að ég sé farinn að ganga eins og ballettdansari en í ballett er manni kennt að bera höfuðið hátt og ganga teinréttur í baki. Sjálfstraustið eykst í takt við það og maður er stoltur af því að dansa,“ segir hann og brosir.

Hólmgeir Gauti stendur nú frammi fyrir lokaári sínu við Klassíska listdansskólann. Frá mánudögum til fimmtudaga æfir hann tvisvar á dag, í einn og hálfan tíma í senn. Á föstudögum og laugardögum æfir hann þrisvar á dag, í fjóra og hálfa klukkustund hvorn dag fyrir sig. Sunnudagar eru frídagar en þá dansar Hólmgeir Gauti í Fjarskalandi Þjóðleikhússins.

„Dansinn útheimtir tíma og þrek en ef maður elskar að dansa er það algjörlega þess virði og maður hugsar ekki „Æ, það er æfing“ heldur „Ú, það er æfing!“ af einskærri tilhlökkun. Ætli maður í dansnám má reikna með að það taki jafn langan tíma og annað nám og þannig er ég jafn mikið í ballett og háskólanum. Æfa þarf stíft til að ná fullkominni tækni í klassískum ballett, en við dönsum þó ekki alveg allan tímann, því hluti af náminu er kóreógrafía og dansverk sem við sýnum á jóla- og vorsýningum skólans.“

## Styrk til að lyfta ballerínum

Hólmgeir Gauti segir það hafa breytt sér á líkama og sál að fara í ballettnám.

„Ég er orðinn miklu liðugri og fer nú næstum í splitt á meðan ég gat rétt svo snert á mér tærnar áður. Grunnurinn í karate gaf mér góða hreyfifærni en í ballettinum hefur hún enn aukist og dýpkað. Ég hef aldrei verið í jafn góðu líkamsformi, öll aukafita hvarf hratt og ég fann hvernig líkaminn mótaðist og breyttist með dansinum, auk þess sem ég get hoppað hærra og stokkið lengra,“ útskýrir Hólmgeir Gauti og kveðst alveg sáttur við stæltan líkamsvöxtinn sem dansarar uppskera.

„Þótt ég stefndi ekki á að verða massaður kom fljótt að því að ég kæmist ekki í buxurnar fyrir stórum lær- og kálfavöðvum. Styrkur manns eykst til muna enda þarf maður að vera hraustur til að geta lyft og sveiflað ballerínum yfir höfuð sér.“

Hann bætir við að ballett sé listnám frekar en íþróttagrein.

„Í ballett tileinkar maður sér gríðarlegan aga og öðlast færni í mannlegum samskiptum ásamt virðingu fyrir öllu sem lifir og hrærist. Stundum er maður búinn eftir æfingar og getur vart labbað niður stigann heima, en þá skiptir öllu að hugsa vel um líkamann, borða hollt, fara í sund og heit böð og kæla þrútna vöðva.“



Hólmgeir Gauti segist heillaður af bæði nútíma listdansi og klassískum ballet. MYNDIR/KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

## Jú, ég er ballettgæinn

Eftirlæti Hólmgeirs Gauta er tvídans í klassískum ballett; þar sem hann dansar við ballerínu sem hann lyftir og snýr í höndum sér.

„Jú, ég er örugglega öfundaður af því að vera eini strákurinn innan um ballerínurnar en þær eru æfingafélagar mínir og góðir vinir. Ég elska að vera með þessum stelpum, þær eru æðislegur félagsskapur og hver stund með þeim er skemmtilegt ævintýri.“

Hann neitar því ekki að finna fyrir auknum áhuga og athygli ungra kvenna.

„Það er nú ekkert vandamál en margar koma og spyrja hvort ég sé ekki ballettgæinn. Mér finnst það ósköp eðlilegt því ég er búinn að dansa mikið og dansinn orðinn stór partur af lífi mínu, rétt eins og þegar ég var karategæinn,“ segir hann hlæjandi.

Vinir Hólmgeirs Gauta hafa stutt hann dyggilega í ballettnum og fylgt honum á sýningar og svo æfingar, sem hann segir hafa vakið undrun en kátínu og gleði ballerínanna.

„Ég á góða vini sem styðja mig í einu og öllu, og stundum segjast þeir dást að hugrekki mínu fyrir að hafa þorað í ballettinn. Fyrir mér snýst það ekki um hugrekki. Ég fór bara að dansa, sem mér þykir núorðið jafn venjulegt og hvað annað. Ég á enn margt ólært þótt ég sé kannski góður miðað við stuttan tímann sem ég hef lagt stund á ballett, en maður verður ekki fullnuma í ballett á tveimur árum frekar en í karate eða fótbolta. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að maður eigi að elta drauma sína og kýla á hlutina, því það er engu að tapa. Það er til alls að vinna því hvað ef maður svo fílar það?“



Hólmgeir Gauti nýtur þess einna mest að dansa tvídans við ballerínur.

> Ég er örugglega öfundaður af því að vera eini strákurinn innan um ballerínurnar. Ég elska að vera með þessum stelpum og hver stund með þeim er skemmtilegt ævintýri.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

# LÝÐHEILSU GÖNGUR

SEPTEMBER 2017

## LIFUM OG NJÓTUM

Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands verða alla miðvikudaga í september í flestum sveitarfélögum landsins í tilefni af 90 ára afmæli félagsins. Markmiðið er að hvetja fólk á öllum aldri til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap og efla þar með heilsu sína og lífsgæði.

- **September 2017**
- **Alla miðvikudaga kl. 18:00**
- **Náttúra, vellíðan, saga og vinátta**
- **Fjölskylduvænar 60-90 mínútna göngur**
- **Í flestum sveitarfélögum**
- **Allir velkomnir - þátttaka ókeypis**

Allar upplýsingar um göngustaði vítt og breitt um landið má nálgast á **www.fi.is/lydheilsa**



## ÞÚ GETUR UNNIÐ !

Allir sem vilja geta skráð sig í göngur og þar með í lukkupott sem dregið verður úr í lok verkefnisins.

**Fleiri göngur = meiri vinningslíkur!**

**Skráðu þig á www.fi.is/lydheilsa**

Velferðarráðuneytið · VALITOR · VÍS · HEILSUEFLANDI samfélag

# Bein tengsl við náttúruna

**Þrátt fyrir lítinn garð nær Jón Yngvi Jóhannsson að rækta um 20 tegundir af mat- og kryddjurtum. Margir kostir fylgja slíkri heimaræktun, hún kostar lítinn pening og síðsumars er hægt að nota kryddjurtir án þess að horfa í aurinn. Grænmetið úr garðinum er auk þess mun bragðbetra.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Það styttist í að íslenska grænmetissumrinu ljúki enda komið fram í september. Ef haustið verður gott má þó búast við að heimaræktendur geti notið grænmetis og kryddjurta úr garði sínum fram í október. Því vonast a.m.k. Jón Yngvi Jóhannsson, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og höfundur bókarinnar Hjálp, barnið mitt er grænmetisæta!, eftir en hann er afar duglegur við ræktun í garðinum heima.

Fyrsta verk hans, eftir að fjölskyldan flutti í raðhús við Laugalæk í Reykjavík með pínulitlum garði, var að smíða kassa utan um grænmetisbeð. „Síðan þá höfum við ræktað grænmeti og kryddjurtir af ýmsu tagi í garðholunni okkar. Í sumar var ég með tæplega 20 tegundir af mat- og kryddjurtum. Þar sem garðurinn er mjög lítill reyni ég að rækta grænmeti sem sameinar þrennt: Gefur mikla uppskeru á fermetra, er bragðgott og hægt er að nota jafnt og þétt frá því snemmsumars og fram á haust. Ég rækta mikið af salati og spínati; í ár sáði ég óvenjulega miklu grænkáli sem er frábær matur og endist auk þess langt fram á vetur.“



„Það fylgir því einhver sérstök ánægja að fylgjast með grænmeti frá fræi og á diskinn,“ segir Jón Yngvi Jóhannsson, lektor og matreiðslubókarhöfundur. MYNDIR/EYÞÓR



Stilkbeðja setur fallegan svip á matjurtargarðinn. Hægt er að steikja stilkinn í smjöri og blöðin bragðast eins og spínat.



Grænkál, blaðsalat og spínat, tilbúið í veislurétti af ýmsum stærðum og gerðum.

## Sérstök ánægja

Vegna plássleysis ræktar Jón Yngvi ekki ýmislegt sem væri þó gaman að rækta, t.d. rótargrænmeti á borð við rófur og rauðrófur og auðvitað kartöflur. „Ég hef stundum ræktað kartöflur og rauðrófur í bölum eða IKEA-pokum á svölunum en í sumar fékk ég smá skika austur í sveit þar sem amma mín og afi bjuggu til að útbúa kartöflugarð, þannig að ég slepppti balaræktuninni.“

Jón Yngvi var alinn upp við garðrækt, bæði heima á Ísafirði þar sem hann ólst upp og hjá ömmu sinni og afa í Vorsabæ á Skeiðum þar sem hann var í sveit á sumrin. „Afi minn ræktaði kartöflur og rófur til sölu í stórum stíl og amma var með heilmikla grænmetisrækt og berjarunna í garðinum. Ég er því alinn upp við að hjálpa til við grænmetisræktun, setja niður kartöflur og taka þær upp, grisja rófur, stinga upp garða og þar fram eftir götunum.“

Hann segir marga kosti við að rækta heima fyrir. „Sumt grænmeti sem auðvelt er að rækta heima, t.d. klettasalat og grænkál, er rándýrt í búðum. Það er líka gaman, ekki síst síðsumars, að geta notað kryddjurtir eins og steinselju, myntu og timjan algerlega að vild, án þess að horfa í aurinn. Það fylgir því einhver sérstök ánægja að fylgjast með grænmeti frá fræi og á diskinn. Ef ég væri aðeins rómantískari en ég er myndi ég sennilega segja að ræktun komi manni í bein tengsl við náttúruna.“

## Bragðbetra grænmeti

Auk þess finnst honum grænmetið sem hann ræktar heima oftast miklu bragðbetra og bragðsterkara en það sem keypt er úti í búð. „Klettasalat sem keypt er í búðum er til dæmis óttalega bragðdauft í samanburði við það sem kemur úr garðinum.“ Garðurinn gefur enn vel af sér og vonast hann eftir góðri uppskeru áfram næstu vikurnar. „Undanfarið hef ég líka verið að klippa niður kryddjurtir til að þurrka, einkum óreganó og myntu en líka sítrónumelissu. Svo er dillið að vaxa úr sér og ég þarf að fara að gera eitthvað við það, ætli ég taki ekki blómkrónurnar af því og sýri gúrkur í stórum stíl en frysti blöðin.“




Matreiðslubók hans hefur verið vel tekið og segist hann m.a. hafa hitt mikið af foreldrum og ömmum og öfum sem hafa haft mikið gagn af henni. „Dætur mínar hafa alltaf verið duglegar að borða grænmeti úr garðinum en það er örugglega ekki skýringin á því hvers vegna þær eru orðnar grænmetisætur. En það var sem sagt sú staða sem blasti við okkur hjónunum fyrir nokkrum árum. Þær voru allar hættar að borða kjöt og fisk. Fljótlega fór ég að heyra af öðrum foreldrum sem voru í sömu stöðu, en vissu ekkert hvernig þeir áttu að bregðast við vegna þess að þeir voru óvanir að elda grænmetisrétti. Ég hafði lengi gengið með þann draum í maganum að skrifa matreiðslubók og þarna fannst mér ég geta skrifað bók sem ætti erindi.“

## Smjörbaunir á súrdeigsbrauði

Þessi réttur á mjög vel við á þessum árstíma, ekki síst ef maður hefur aðgang að spínati og/eða grænkáli úr garðinum, segir Jón Yngvi. „Ég hef þennan rétt oft í kvöldmat fyrir fjölskylduna, en ég hef líka notað hann sem forrétt í matarboði.“

**4 þykkar sneiðar af súrdeigsbrauði, að minnsta kosti dagsgömlu**
**2–3 hvítlauksrif**
**1 dl ólífuolía**
**chiliflögur eftir smekk**
**2 dósir smjörbaunir eða 500 g soðnar baunir**
**200 g spínat eða grænkál**
**Salt**

Ristið brauðið í nokkrar mínútur í ofni þar til það er aðeins farið að brúnast. Saxið hvítlaukinn smátt og steikið hann í olíunni við vægan hita. Þegar hvítlaukurinn er orðinn mjúkur er chiliflögunum bætt við, þá baununum og loks grófsöxuðu spínati eða grænkáli. Bragðbætið með salti; mér finnst best að salta þennan rétt ekki of mikið á pönnunni, heldur leyfa hverjum og einum að salta yfir diskinn sinn með góðu flögusalti. Ef rétturinn verður of þurr má bæta við örlitlu af soðinu af baununum. Þegar baunablandan er tilbúin er einu brauðsneið sett á hvern disk og blöndunni ausið yfir. Berið fram með góðu tómatsalati.


Skráðu þig núna!
Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645
Salsa
Break
Zumba
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir
ZUMBA fitness
Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.
DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur
Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
www.dansskoli.is | dans@dansskoli.is | sími 553 6645

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 5. SEPTEMBER 2017




# Range Rover Velar mættur

Fjórða bílgerð Range Rover er komin til sögunnar og þar fer einfaldlega fríðasti jeppi götunnar og versnar það ekki er inn í hann er komið. Sem fyrr með Range Rover bíla er torfærugeta hans frábær. →6





ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þrautreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

Exide fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt. Sími 515 1100 • pontun@olis.is • olis.is

olís

REKSTRARLAND

PIPAR\TBWA • SÍA • 173446



Ekki eru öll kurl komin til grafar í dísilvélasvindli Volkswagen og eflaust margir starfsmenn Volkswagen ekki búnir að bíta úr nálinni með aðkomu sína að því.

## Verkfræðingur VW fékk 40 mánaða dóm

Fyrsti fangelsisdómurinn sem fallið hefur vegna dísilvélasvindls Volkswagen féll fyrir skömmu og fékk verkfræðingurinn James Liang 40 mánaða dóm og 200.000 dollara sekt að auki. Dómur þessi féll í Bandaríkjunum. Þessi dómur var þyngri en ákærendur höfðu farið fram á, en þeir höfðu krafist þriggja ára fangelsis og 20.000 dollara sektar. Dómarinn tífaldaði þá upphæð og bætti fjórum mánuðum við kröfuna um fangelsisvist. Með þessum dómi er talið að dómarinn sé að gefa tóninn varðandi frekari refsingar til þeirra sem viðriðnir voru dísilvélasvindl Volkswagen. Þeir sem á eftir koma eiga því ekki von á góðu.

James Liang var bæði viðriðinn þróun svindlhugbúnaðarins og gegndi lykilhlutverki í að svara ranglega til um tilvist hans eftir að rannsókn hófst. Hún hófst eftir að mælingar sýndu allt að fertugfalt meiri mengun en gefin var upp. Verjandi Liangs sagði við réttarhöldin að hann hefði einvörðungu verið tryggur starfsmaður sem hlýddi óskum yfirmanna sinna og fyrir það ætti ekki að dæma hann harkalega. Var bæði þeim ákærða og verjanda hans bent á að ákærði hefði haft fjölmörg tækifæri til að segja sannleikann, bæði fyrir og eftir uppgötvun svindlsins, en að hann hefði sífellt valið tryggðina við yfirboðara sína fram yfir hag og heilsu almennings. Fyrir þá afstöðu hans sé því eðlilegt að refsa.



Atli Jamil á fullu gasi í brautinni.

# Atli Jamil varð annar á N-Evrópumótinu í torfæru

Atli nældi sér einnig í tilþrifaverðlaunin eftir góða björgun í síðustu braut sunnudagsins. Heldur áfram keppni í Noregi.

Í síðasta mánuði fór fram N-Evrópumótið í torfæru og fór keppnin fram í Ler í Noregi. Atli Jamil Ásgeirsson á Thunderbolt var eini Íslendingurinn sem fór með bílinn sinn frá Íslandi til að keppa og stóð sig frábærlega. Hann lenti í öðru sæti. Eknar voru 6 brautir á laugardeginum og 6 brautir á sunnudeginum og allar brautir giltu í mótinu. Sextán keppendur voru mættir til leiks, 10 í sérútbúna flokknum og 6 í sérútbúnum götubílum. Keppendur komu frá 4 löndum. Flestir frá Noregi, eða 12 keppendur, en síðan voru keppendur frá Íslandi, Svíþjóð og Danmörku. Mikil rigning var á svæðinu alla helgina en keppendur, aðstoðarmenn og keppnishaldarar létu það ekki á sig fá og keppnin var mjög góð í alla staði.

### Leiddi keppnina eftir fyrri dag

Atli leiddi keppnina í lok fyrsta dags eftir frábæran akstur allan daginn. Á degi tvö var Atli óheppinn með rásröð og missti forskotið niður en eins og áður segir hafnaði Atli Jamil í öðru sæti, sem er frábær árangur. Það var Norðmaðurinn Tor Egil Thorland á Ugly Betty sem vann mótið. Atli Jamil varð í öðru sæti og Norðmaðurinn Arne Johannessen varð í þriðja sæti. Þetta mót var líka hluti af Noregsmeistaramótinu og taldi til 4. og 5. umferðar þess móts. Þar af leiðandi sigraði Atli Jamil í 4. umferð Noregsmótsins sem fór fram á laugardeginum. Hann lenti svo í öðru sæti í 5. umferð þess sem fór fram á sunnudeginum. Atli nældi sér einnig í tilþrifaverðlaunin eftir góða björgun í síðustu braut sunnudagsins. Í sérútbúna götubílaflokknum sigraði Jorgen Poulsen en Sigurjón Guðmarsson, Íslendingur sem er búsettur í Noregi, hætti keppni eftir fyrsta dag vegna bilana. Thunderbolt bíll Atla Jamil varð eftir í Noregi og tók hann þátt í 6. umferð mótsins sem fór fram í Skien suður af Ósló um helgina. Þar stóð hann sig aftur frábærlega og fór með sigur af hólmi. Það var því afar svekkjandi að vélarbilun olli því að hann gat ekki tekið þátt á sunnudeginum en gaman verður að fylgjast með Atla í framtíðinni.




# Þriðja kynslóð Porsche Cayenne kynnt með stæl

Porsche kynnti nýja kynslóð Cayenne-jeppa síns fyrir örfáum dögum og fer þar þriðja kynslóð jeppans vinsæla sem breytti svo miklu fyrir rekstur Porsche-fyrirtækisins. Porsche hefur selt 760.000 Cayenne-jeppa frá árinu 2002 og 500.000 þeirra af annarri kynslóð bílsins. Aðeins einn bíll í sögu Porsche-fyrirtækisins hefur selst í meira magni frá upphafi, Porsche 911, en af honum hefur selst ein milljón eintaka og náðist það takmark í maí á þessu ári. Ekki er hægt að segja að gríðarlegar útlitsbreytingar hafi orðið á milli annarar og þriðju kynslóðar Cayenne, en mest er þó breytingin að aftan og hann er að auki allur nettari og straumlínulagaðri að framan og með nýju grilli.

### 8 cm lengri og 15% stærra skottrými

Bíllinn er nú tæplega 8 sentimetrum lengri og hefur það stækkað innanrýmið. Meira pláss er fyrir farþega og skottrýmið hefur stækkað um heil 15 prósent. Þrátt fyrir stækkun jeppans hefur hann lést um 65 kíló og munar um minna. Mikil notkun áls á þar stóran þátt, bæði á ytra byrði og í undirvagni. Aflminnsta vélin í boði í Cayenne er enn 3,0 lítra V6 vél sem í fyrri gerð skilaði 300 hestöflum en nú 340. Cayenne S er með 2,9 lítra vél með tveimur forþjöppum og skilar 440 hestöflum, eða 20 hestöflum meira en forverinn. Aflaukningin í hefðbundnum Cayenne dugar honum til að klára sprettinn í 100 á 5,9 sekúndum, eða 1,7 sekúndum hraðar en forverinn. Í tilviki Cayenne S er spretturinn tekinn á 4,9 sekúndum, eða hálfri sekúndu hraðar en forveranum tókst. Endurbætt 8 gíra sjálfskipting er í bílnum og allar gerðir hans eru fjórhjóladrifnar.



Ekki stórvægilegar útlitsbreytingar að utanverðu.

### Cayenne Hybrid, Turbo og GTS koma síðar

Í fyrstu mun Porsche aðeins kynna til sögunnar Cayenne og Cayenne S, en síðar kemur væntanlega að nýrri gerð Cayenne Hybrid og Cayenne Turbo, sem og GTS útfærslu. Hægt verður að velja á milli 19 til 21 tommu felga undir bílinn og einnig má sem aukabúnað fá hann með stýringu á afturhjólunum. Mikil aukin tækni verður í bílnum og sem dæmi er búnaður í bílnum sem Porsche kallar „rim protection“ sem sjálfvirkt stýrir bílnum ef hætta myndast á að skemma rándýrar og flottar felgurnar á bílnum. Sjálfvirk hemlun er einnig til staðar og myndavélar sem greina gangandi vegfarendur og hjólreiðamenn. Afþreyingarkerfi bílsins er stjórnað á 12,3 tommu aðgerðaskjá, líkt og finna má í nýjum Panamera. Miðjustokkurinn er nú einfaldari og með færri sýnilegum stjórntækjum. Í Bandaríkjunum mun Cayenne verða á 65.700 dollara og Cayenns S á 82.900 dollara og nemur verðhækkun þeirra beggja um 5.000 dollurum.



Við viljum hafa
pláss fyrir allt
Lífið tekur breytingum með tímanum. Börnin stækka, þeim fjölgar, áhugamálin breytast, ferðalögin lengjast. Það sem ekki breytist er að við þurfum pláss fyrir alla og allt sem þeim fylgir.
Þegar þörf er á brúar Arion bílafjármögnun bilið í bílakaupunum.
Kynntu þér kjörin og ólíkar leiðir á arionbanki.is
Arion banki
– fyrir framtíðina



Jeep Wrangler er einn vinsælla bíla Jeep-merkisins.

## Jeep nær sjöfaldar söluna á níu árum

Það bílamerki Fiat Chrysler bílasamstæðunnar sem gengið hefur best á undanförnum árum er Jeep. Þar á bæ voru framleiddir 300.000 bílar árið 2009, en Fiat Chrysler býst við að framleiða rétt um 2 milljónir Jeep-bíla á næsta ári. Það er næstum sjöföldun á framleiðslu Jeep-bíla á aðeins níu árum og vöxturinn frá þessu ári til næsta árs yrði 30 prósent. Forstjóri Fiat Chrysler, Sergio Marchionne, sér þó ekki fyrir sér að hægja muni á þessum mikla vexti og spáir því að sala Jeep-bíla geti hæglega farið í 7 milljónir bíla á ári, enda sjái ekki fyrir endann á síaukinni eftirspurn eftir jepplingum og jeppum. Til samanburðar framleiddi Ford 6,7 milljónir bíla í fyrra.

### Jeep-merkið meira virði en öll hin merki FCA

Ef þessi spá Marchionnes gengi eftir yrði Jeep eitt af stærstu bílamerkjum í heimi, þó það muni seint ná Toyota og Volkswagen, sem hvort um sig framleiddi um 10 milljónir bíla í fyrra. Virði Jeep-merkisins er mikið og talið meira en allra annarra bílamerkja Fiat Chrysler samstæðunnar, en þar teljast einnig bílamerkin Dodge, RAM, Alfa Romeo og Maserati, auk Fiat- og Chrysler-merkjanna. Því er það ekki talið koma til greina að FCA Fiat Chrysler muni selja Jeep-merkið eitt og sér, því fyrir vikið myndi aðeins eftir standa samstæða bílamerkja sem hvorki hefðu mikið aðdráttarafl né söluvirði. Forstjórinn Marchionne hefur lengi lýst yfir áhuga fyrirtækisins á að renna saman við annan stóran bílaframleiðanda til að ná fram stærðarhagkvæmni, eða selja fyrirtækið. Það yrði þó aðeins gert í heilu lagi miðað við þessar fréttir. Eins og kemur fram í greininni hér fyrir neðan hefur kínverski bílaframleiðandinn Great Wall lýst yfir áhuga á kaupum á FCA Fiat Chrysler, eða Jeep-merkinu einu.

# BMW áberandi á sýningunni í Frankfurt

Mun sýna fjölda nýrra bíla á 10.500 fermetra sýningarsvæði og þar á meðal BMW Z4, BMW M5 xDrive AWD, BMW Concept 8 og nýjan BMW X3.

This is tomorrow. Now. Die Zukunft ist jetzt. Það er yfirskrift BMW Group á bílasýningunni í Frankfurt sem hefst þann 12. september. Sýningarsvæðið verður hringlaga á alls 10.500 fermetrum sem sýningargestir geta gengið umhverfis til að virða fyrir sér fjölbreytt úrval bílgerða frá BMW og Mini auk mótorhjóla BMW Motorrad. Sem fyrr fer bílasýningin fram í Frankfurt Messe sem stendur í hjarta borgarinnar og verður sýningin opin almenningi dagana 16.-24. september. Meðal bíla sem BMW mun leggja áherslu á í dýrari gerðum lúxusbíla eru tveggja dyra sportbílinn BMW Concept 8 sem kemur á markað á næsta ári og sérstök 40 ára afmælisútgáfa BMW 7 Series. Þá verður BMW M5 kynntur, nú með fjórhjóladrifi, og er hann einn sá öflugasti í sínum flokki, enda 3,4 sek. úr kyrrstöðu í 100 km/klst. Bíllinn verður með uppfærðri 4,4 lítra 660 hestafla V8 vél með tvöfaldri forþjöppu. Vegna M xDrive-fjórhjóladrifsins þarf ekki að efa að skemmtilegt verður að aka bílnum við fjölbreytt veðurskilyrði. Meðal annarra bíla sem BMW hyggst varpa kastljósi á í Frankfurt má nefna BMW Concept Z4 sem eins og 8 Series kemur á markað á næsta ári. Þá verður einnig sýndur nýr BMW 6 Series Gran Turismo og ný útgáfa af Le Mans-kappakstursbílnum BMW M8 GTE sem kristallar alla DNA-erfðavísa BMW.

### is3 og i3s

Í Frankfurt verður einnig sýnd lítils háttar breyting á útliti rafmagnsbílsins BMW i3 ásamt því sem BMW mun frumsýna sérstaka sportútgáfu sama bíls sem nefnist BMW i3s. BMW i3 er mest seldi rafmagnsbíllinn í lúxusflokki minni bíla og verður nú kynntur með ýmsum nýjum tæknilausnum sem horfa til bættra umhverfisáhrifa og þjónustu við eigendur en ekki síður til enn skemmtilegri akstursеiginleika þar sem BMW i3s bætist í flokk bílgerðarinnar til að svara þeim kröfum betur en nokkru sinni fyrr. Hámarkshraði þess síðarnefnda er um 160 km/klst. Rafmagnsmótor nýs i3 er 170 hestöfl og 184 hestöfl í i3s og má fá báðar gerðir með litlu ljósavélinni sem eykur talsvert drægi rafmótorsins, eins og þeir vita sem eiga þá útgáfu hér á landi.



BMW Z4 var þróaður í samvinnu við Toyota.

### Nýr og glæsilegri X3

Í Frankfurt kynnir BMW jafnframt þriðju kynslóð af jeppanum X3 sem mörgum hér á landi er að góðu kunnur í núverandi xDrive-útgáfu. BMW X3 hefur frá upphafi notið mikilla vinsælda og verið einn af söluhæstu bílum BMW mörg undanfarin ár. Þeim árangri hyggst BMW nú fylgja eftir með kynningu á nýrri og glæsilegri kynslóð þar sem tæknilausnirnar eru ekki sparaðar ásamt því sem afgerandi útlitsbreytingar hafa verið gerðar til að skerpa á nýjungum og sportlegum eiginleikum bílsins. Vélar hafa verið uppfærðar auk þess sem ný efni, bæði ál og koltrefjar, skila 55 kílóum léttari bíl miðað við núverandi útgáfu. Einnig verður val um fleiri liti á bílnum. Nýr X3 kemur til BL í lok ársins eða upphafi þess næsta.

### BMW Concept 8 Series

Af öðrum bílum sem sýndir verða í Frankfurt má nefna BMW Concept 8 Series sem talsmenn BMW segja að gefi sterkar vísbendingar um það sem fram undan er í þróun ásýndar nýrra bíla hjá BMW á næstu árum. Klassískar línur halda sér um leið og nýjar hugmyndir í útlitshönnuninni eru jafnframt áberandi þar sem skarpar línur draga fram skýr og kraftmikil svipbrigði sem vitna um sportlega eiginleika; aðalsmerki BMW sem bílaframleiðanda. Megineinkennin eru löng vélarhlíf og flæðandi þaklína ásamt eftirtektarverðum baksvip. Þá segja stjórnendur BMW jafnframt að kynning á nýrri hugmynd um BMW Concept Z4 sé staðfesting á því að BMW hyggist ekki varpa frummarkmiði sínu um sanna akstursánægju viðskiptavina sinna og eigenda bíla frá BMW fyrir róða. Gert er ráð fyrir að Z4 verði kynntur í mismunandi útfærslu á almennum markaði á næsta ári.

### BMW 6 Series Gran Turismo

Nýr BMW 6 Series Gran Turismo er lúxusbíll í hæsta gæðaflokki þar sem yfirbragðið minnir um margt á sportbíl í Coupe-flokki. Bíllinn er stór og rúmgóður þar sem gott pláss er fyrir ökumann og farþega. Meðal annars eru aftursætin þrjú öll í fullri stærð auk þess sem farangursrýmið hefur verið aukið í 1.800 lítra miðað við fulla nýtingu með niðurfellingu sæta. Nýi bíllinn er 150 kílóum léttari en fyrirrennarinn auk þess sem vélaflið hefur verið aukið samhliða betri eldsneytisnýtingu.

### Mini

Aðalstjarna Mini á sýningunni í Frankfurt að þessu sinni verður rafmagnsbíllinn Mini Electric sem kemur á helstu markaði meginlandsins á næsta ári og aðra í lok árs 2018 og byrjun 2019 eftir því sem tekst að anna eftirspurn. Mini hefur ekki enn látið neitt uppi um útfærslur og bíðum við þess að sýningin í Frankfurt hefjist. Þess má geta hér í lokin að í haust kynnir BL Mini sem nýtt merki hjá fyrirtækinu. Mini er sem kunnugt er í eigu BMW Group og bíllinn sem frumsýndur verður er af gerðinni Mini Countryman PHEV með fjórhjóladrifi.

# Great Wall vill kaupa FCA Fiat Chrysler

Kínverski bílaframleiðandinn Great Wall hefur lýst yfir vilja til kaupa á FCA Fiat Chrysler, eða hluta þess. Mestur áhugi er þó hjá Great Wall að komast yfir Jeep, sem er eitt merkja FCA Fiat Chrysler. Forstjóri Fiat Chrysler, Sergio Marchionne, hefur lengi leitað eftir sameiningu við annan stóran bílaframleiðanda og hefur þá skoðun að stærðarhagkvæmni samruna tveggja stórra bílaframleiðenda myndi tryggja framtíð þeirra betur. Great Wall er stærsti framleiðandi jepplinga og jeppa í Kína og framleiddi 1,07 milljónir bíla í fyrra, en er þó aðeins sjöundi stærsti bílaframleiðandi í Kína. Forstjóri Great Wall er kona að nafni Wang Fengying og hefur hún lýst miklum áhuga Great Wall á kaupum á Fiat Chrysler í fjölmiðlum, án þess þó að hafa lýst þeim áhuga beint við stjórnendur Fiat Chrysler. Talið er líklegt að Great Wall muni leggja fram tilboð í Fiat Chrysler og hefur Wang sagst ætla að nálgast stjórnendur Fiat Chrysler með kaup í huga.

### Yrðu ekki fyrstu kaup Kínverja á þekktu bílamerki

Slík kaup yrðu ekki fyrstu kaup Kínverja á þekktu bílamerki, en til dæmis á Geely sænska framleiðandann Volvo. Great Wall þyrfti þó að steypa sér í heilmiklar skuldir með kaupum á Fiat Chrysler. Fátt hefur enn heyrst úr höfuðstöðvum Fiat Chrysler um áhuga Great Wall. Evrópskir bankastjórnendur telja að aðeins komi til greina hjá Fiat Chrysler að selja ef Great Wall greiðir fyrir með reiðufé, en ekki hlutabréfum í eigin fyrirtæki, og að allt fyrirtækið sé keypt. Var þó haft eftir einum virtum bankastjórnanda að Fiat Chrysler myndi nýta sér þennan áhuga Great Wall til að draga stjórnendur annarra stórra evrópskra bílaframleiðenda að borðinu til að ræða hugsanlegan samruna.




Jeep er eitt merkja FCA Fiat Chrysler og áhugi Great Wall er mestur á því merki.




www.honda.is

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – athygli! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

KOSTIR OG GALLAR
**RANGE ROVER**

- 2,0 LÍTRA DÍSILVÉL
- 240 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 5,8 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 154 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 8,3 sek.
**Hámarkshraði:** 250 km/klst.
**Verð frá:** 11.090.000 kr.
**Umboð:** BL

Kostir:
- Útlit
- Innrétting
- Torfærugeta

Gallar:
- Verð á dýrustu útgáfum

# Fallegastur jeppa

Fjórða bílgerð Range Rover er komin til sögunnar og þar fer einfaldlega fríðasti jeppi götunnar og versnar það ekki er inn í hann er komið. Sem fyrr með Range Rover bíla er torfærugeta hans frábær og var á það reynt í Noregi.



Klifrað upp á topp á skíðasvæðinu Stranda í Noregi og var það 1.400 metra klifur upp grýttan og brattan slóða.

**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is



Þær eru ekki svo ýkja margar bílgerðirnar sem lúxusbílaframleiðandinn Land Rover smíðar af Range Rover bílum. Það er hinn hefðbundni stóri Range Rover, Range Rover Sport og Range Rover Evoque. Því teljast það tímamót þegar fjórða bílgerðin er kynnt til sögunnar, þ.e. Range Rover Velar. Það gerðu þeir Bretarnir sannarlega með stæl og hóuðu í blaðamenn til Noregs þar sem finna má landslag sem hentar þessum bíl einkar vel. Það hlýtur samt að vera vandasamt verk að tefla fram nýjum jeppa í lúxusflokki í samkeppninni við svo marga lúxusbílaframleiðendur sem að undanförnu hafa keppst við að kynna nýja jeppa í löngum röðum. Það hafa meira að segja frægir sportbílaframleiðendur gert sem aldrei áður hafa smíðað jeppa. Það jákvæða er þó að enn virðist mjög mikil eftirspurn eftir dýrum og flottum jeppum í heiminum. Til að gera langa sögu stutta, þá hefur Land Rover tekist það með bravör með þessum nýja Range Rover Velar.

**Guðdómlega flottur að innan**

Fyrir það fyrsta er þessi bíll guðdómlega flottur að ytra útliti. Að áliti greinarritara er hér kominn fallegasti jeppinn sem í boði er í heiminum í dag, punktur og basta. Það liggur við að segja að flottari hönnun hafi ekki sést síðan Audi TT fór að rúlla af færiböndunum árið 1998. Bíllinn er í senn kraftalegur en með svo fágaðar línur og sportlegar að hann mun næstum snúa áhorfendur úr hálsliðnum við að fylgja honum eftir. Ef ytra útlitið er fallegt, hvað mætti þó segja um innra útlitið, nema að það sé fátt sem slær því ytra við nema þá það innra. Hreint vaðandi lúxus, frábært efnisval, mikil tækni en aðallega svo smekkleg hönnun að maður tekur andköf. Það má hreinlega velta því fyrir sér hvað Land Rover ætlar að gera fyrir stærri og dýrari Range Rover bílinn til að toppa þetta, en Velar er nú miklu flottari að innan en sá stóri. En talandi um stóra jeppa, þá má segja að Velar sé kannski hin fullkomna stærð af jeppa, að minnsta kosti er yfrið pláss fyrir alla farþega og hann er líka með nógu stórt skottpláss, eða 673 lítra. Samt er bíllinn nettur að sjá. Oft hefur maður haft það á tilfinningunni að hinir ýmsu bandarísku jeppar og jafnvel japanskir og þýskir séu einfaldlega of stórir og klunnalegir og það hefur komið niður á aksturseiginleikum þeirra. Í Velar er ef til vill hin hárrétta stærð fundin.



# BÍLAR

## Aflmiklar vélar og val um 5 gerðir

Í dýrum lúxusbílum er hjartað gjarnan að finna undir húddinu og þegar kemur að Velar er um margt að velja, einar 3 dísilvélar og 2 bensínvélar. Dísilvélarnar eru 180, 240 og 300 hestafla og eru tvær þær fyrstnefndu í raun sama 2,0 lítra vélin en í mismunandi útfærslu. Sú aflmesta er 3,0 lítra. Bensínvélarnar eru 250 og 380 hestafla, sú minni 2,0 lítra og 4 strokka, en sú stærri 3,0 lítra og V6. Með aflmeiri bensínvélinni er þessi myndarlegi bíll aðeins 5,3 sekúndur í hundraðið. Það var hreinn unaður að aka þeim bíl og þvílíkt afl sem er til staðar. Til prufunar í reynsluakstrinum var sá bíll og 300 hestafla dísilútgáfan, en þar fer enginn letingi heldur. Báðir eru þessir bílar með geggjaðar vélar og 300 hestafla dísilvélin er sú sama og finna má í nýjum F-Pace jeppa Jaguar, enda þar um að ræða sama fyrirtæki. Sú útfærsla bílsins sem seinust er að taka sprettinn í 100 er 180 hestafla dísilútgáfan, sem samt er þó ekki nema 8,4 sekúndur. Vélarnar menga á bilinu 142-214 $CO_2$ og teljast því engir umhverfissóðar.

## Mögnuð drifgeta

Þó margt kæmi á óvart við akstur þessa frábæra bíls, þá var það ekki síst drifgeta hans. Hæfni hans og klifurgeta í erfiðum torfærum er engu lík. Í Noregi fékk hann aldeilis líka að sanna það og til að mynda var klifið upp 1.400 metra upp á Stranda-skíðasvæðið og þar var oft svo bratt og grýtt að vorkunnsemi gætti í garð bílsins. En áfram kleif hann þessa brekku með þvílíkum stæl og það var ekki laust við að ökumaður væri orðinn þreyttur á að þræða skorningana á leiðarenda og mikið feginn dásemdar hádegismatnum sem boðið var upp á á toppnum þar sem leyndist frábær skíðahutta. Mikil drifgeta Range Rover eða Land Rover bíla á náttúrulega ekki að koma neinum á óvart. Það er samt bara svo gaman að láta minna sig á það með svona mögnuðum hætti. Það er líka þægilegt að vita af því að vaðgeta þessa bíls er 65 cm.

## 1.600 vatta hljóðkerfi

Hljóðkerfi bílsins er kapítuli út af fyrir sig, en það er 1.600 vött og með 23 hátalara. Annan eins hljóm í bíl hefur undirritaður ekki heyrt og alveg sama var hve hátt var hækkað í græjunum, aldrei gætti bjögunar. Þetta þarf þó að sérpanta í bílinn. Tæknibúnaðurinn í þessum bíl er frábær og of lítið pláss hér til að tíunda hann allan, en ástæða er þó sérstaklega til að nefna hemlastýrðu togstýringuna sem skilar einstökum aksturseiginleikum og afköstum í akstri. Það er engin ástæða til að keppast við það að kaupa Velar með stærstu felgunum því það skemmir akstursgetuna, ekki síst í ófærum. Í borgarakstri er Velar á pari við hinn nýja F-Pace, en hann slær honum við í torfærum. Velar má fá frá 9.990.000 kr. en í kynningarútgáfunni með 380 hestafla bensínvélinni kostar hann 21.190.000 kr. Með Velar er kominn fallegasti jeppi götunnar og kannski bara sá besti.







Innri og ytri fegurð jeppans Velar rímar vel við fagra náttúru Noregsfjarðanna.


Lægra lántökugjald við kaup á vistvænum bílum

Viðskiptavinir Landsbankans greiða ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla og fá 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun bíla sem skilgreindir eru sem vistvænir. Nánari upplýsingar á landsbankinn.is/bilalan.

50% afsláttur af lántökugjaldi við fjármögnun vistvænna bíla

Ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




# Ford Expedition og Lincoln Navigator verða tengiltvinnbílar

## Ford mun kynna þrettán bílgerðir með rafmagnsmótorum á næstu fimm til sex árum.



Ford Expedition er jeppi af stærri gerðinni.

Ford hefur ekki hingað til tekið mikinn þátt í rafbílavæðingunni, en brátt verður mikil breyting þar á. Til stendur að hinir stóru jeppar Ford Expedition og Lincoln Navigator fái brátt rafmagnsdrifrás auk brunavélanna sem í bílunum eru, þ.e. verða í boði sem tengiltvinnbílar. Auk þess mun Ford Escape, minni jeppinn, fá sömu meðferð. Árið 2020 munu einnig Ford F-150 og Ford Mustang fá rafmótora til aðstoðar brunavélum sínum. Allir þessir bílar verða á meðal þrettán bílgerða Ford og Lincoln á næstu fimm til sex árum sem verða útbúnir rafmótorum auk brunavéla. Spáð er 25 prósenta aukningu í sölu stórra jeppa fram til ársins 2022 og því þarf Ford að útbúa sína jeppa þannig að þeir höfði til kaupenda. Því ætlar Ford að hefja rafvæðingu sína einmitt á þessari stærð bíla og telur Ford, sem og sérfræðingar um bíla, að í þessum flokki bíla sé affarasælast að hefja rafvæðinguna.

Ford telur að ekki sé rétt að stíga skrefið til fulls enn og bjóða þessa stóru bíla sína eingöngu með rafmagnsdrifrás, né aðra marga minni bíla sína. Það borgi ekki reikningana og haldi ljósunum gangandi, en Ford vill samt sem áður ekki verða á eftir öðrum bílaframleiðendum í rafbílavæðingunni, það skref verði tekið, en bara ekki strax. Ford setti Escape bíl sinn á markað með rafmótorum, auk brunavélar, á árunum milli 2004 og 2012, en lítil sala í honum og sú staðreynd að fleiri keyptu C-Max Plug-In-Hybrid bíl Ford gerði það að verkum að Ford hætti framleiðslu á Escape Plug-In-Hybrid.

Hann er þó aftur að koma á markað á næstunni með Plug-In-Hybrid tækni og telur Ford að markaðurinn nú sé móttækilegri fyrir þá útgáfu hans. Ford ætlar að fjárfesta fyrir 4,5 milljarða dollara í þróun þessara þrettán gerða bíla sinna með Plug-In-Hybrid tækni á næstu árum. Það er svo meiningin að markaðssetja hreinræktaðan rafmagnsbíl árið 2020 og verður honum fylgt eftir með tveimur öðrum á næstu árum eftir það.






**Dæmi:**

| | |
|---|---|
| Tegund: | Opel Insignia |
| Árgerð: | 2017 |
| Vél: | Dísel / sjálfskiptur |
| Verð áður: | 4.490.000 kr. |
| **Verð nú:** | **3.990.000 kr.** |
| **Afsláttur:** | **500.000 kr.** |

# Frábært dæmi

## **Sérkjör** á sýningarbílum

**Dæmi:**

| | |
|---|---|
| Tegund: | SsangYong Tivoli XLV |
| Árgerð: | 2017 |
| Vél: | Dísel / sjálfskiptur |
| Verð áður: | 4.290.000 kr. |
| **Verð nú:** | **3.990.000 kr.** |
| **Afsláttur:** | **300.000 kr.** |




Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.




**Dæmi:**

| | |
|---|---|
| Tegund: | Opel Astra Innovation |
| Árgerð: | 2017 |
| Vél: | Dísel / sjálfskiptur |
| Verð áður: | 3.990.000 kr. |
| **Verð nú:** | **3.590.000 kr.** |
| **Afsláttur:** | **400.000 kr.** |

Skoðaðu fleiri frábær dæmi á benni.is

**Mikið úrval af sýningarbílum**
Nánari upplýsingar hjá sölumönnum

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
590 2000

**Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 9
420 3330

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**Laugardaga frá 12 til 16**
**Verið velkomin í reynsluakstur**

**benni.is**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**KOSTIR OG GALLAR**

## MERCEDES BENZ S-CLASS

- **3,0 LÍTRA DÍSILVÉL**
- **340 HESTÖFL**
- **AFTURHJÓLADRIF**

**Eyðsla frá:** 5,2 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 135 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 5,4 sek.
**Hámarkshraði:** 250 km/klst.
**Verð frá:** 13.65.000 kr.
**Umboð:** Askja

- Aflmiklar vélar
- Útlit
- Tækninýjungar
- Þægindi

- S-Class verður seint ódýr

# Toppurinn toppaður

Sjötta kynslóð S-Class hefur nú fengið andlitslyftingu, nýjar aflmeiri vélar og meiri tækni- og öryggisbúnað. Samt sem áður lækkar verðið með minni mengun nýrra véla.



Mercedes-AMG S 63 vekur miklar og skemmtilegar tilfinningar og hefur alltaf gert. Mercedes hefur alltaf selt mikið af flaggskipi lúxussins.

**Reynsluakstur**
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Mercedes Benz S-Class hefur ávallt verið táknmynd hins sanna lúxuss, enda þar á ferð flaggskip lúxusbílaframleiðandans Mercedes Benz. Svo vel er S-Class yfirleitt heppnaður að Benz selur miklu meira af honum en BMW og Audi selja samtals af flaggskipsbílum sínum, 7-línunni og A8. Síðasta kynslóð S-Class, sú sjötta í röðinni, kom á markað árið 2013, en nú er komið að andlitslyftingu á bílnum og voru því bílablaðamenn víðsvegar að úr heiminum boðaðir til Zürich til að prófa gripinn og sannfærast enn einu sinni um gæði þessa magnaða bíls. Greinarritari var einn þeirra heppnu sem það fengu að gera og því verður ekki neitað að vart hefur meiri spenningur hríslast um sálartetrið fyrir nokkurn reynsluakstur.

Það var ekki nóg með það að prófa ætti S-Class, heldur líka 612 hestafla AMG útgáfu hans, S63 AMG. Þar hlaut að fara hreint klikkaður bíll og var það fljótsannað við kynnin. Reyndar var reynsluakstrinum þannig háttað, sem betur fer, að fyrst var reyndur S 560 með 469 hestafla átta strokka vél. Flestum myndi reyndar duga bæði allur sá lúxus sem í honum finnst og allt það afl sem er til taks. Akstur hans var hreinn unaður, en enn betra átti eftir að taka við.

### Troðinn nýrri tækni og öryggisbúnaði

Á milli reynsluaksturs S 560 og S63 AMG sýndu starfsmenn Mercedes Benz blaðamönnum þá einstöku tækni sem finna má nú í S-Class eftir heilmiklar endurbætur á bílnum. Sneru þær meðal annars að sjálfakandi búnaði bílsins og var alveg magnað að sjá hve bíllinn fór létt með að aka um sjálfur og það var bara sú lagalega skylda að þurfa stundum að snerta stýrið sem kom í veg fyrir að ökutúr sá væri alfarið í boði sjálfakandi búnaðarins. Þá var einnig farið út á lítið notaða flugbraut sem Benz hafði þarna til afnota til að sýna okkur öryggiskerfi bílsins og var það ekki síður áhrifamikið og guð hvað ég hélt oft að við værum að fara að aka á hinar ýmsu hindranir sem á veginum voru. Þá var líka boðið upp á að kynnast öryggisbúnaði bílsins með mögnuðum sýndarveruleikagleraugum og allt var þetta svo áhrifaríkt að tungan lá oftast úti.





Það væsir ekki um neinn í þessu 612 hestafla farartæki.

### Nýjar aflmeiri vélar

Þó svo margt nýtt sé að finna í andlitslyftum S-Class nú er ef til vill það markverðasta fólgið í aflmeiri vélum og 9 gíra sjálfskiptingu í stað 7 gíra. Nú má fá S-Class í sinni ódýrustu mynd með 3,5 lítra V6 vél með tveimur forþjöppum sem skilar 362 hestöflum og skoppar upp um 33 hestöfl frá fyrri gerð. Í S 560 bílnum hefur 5,5 lítra V8 vél verið skipt út fyrir 4,0 lítra V8 með tveimur forþjöppum og eyðir þessi vél miklum mun minna en forverinn, enda slekkur hún á sílindrum þegar þeirra er ekki þörf. Er þessi vél úr smiðju AMG-deildarinnar. Í S63 AMG-bílnum er líka „aðeins“ 4,0 lítra V8 vél, en í meðhöndlun galdramannanna frá AMG pumpar hún út 612 hestöflum til allra hjólanna. Vélarnar í þessum S63 AMG-bílum eru handsmíðaðar af einum starfsmanni hver vél. Aflið sem frá þessari vél kemur er engu líkt og kemur hún þessum mikla og töluvert þunga bíl í 100 km hraða á 3,5 sekúndum og fyrir vikið er þessi lúxusbíll eins öflugasti sportbíll hvað snerpu varðar þrátt fyrir 2.070 kílóa vigt. Því má segja að í þessum bíl sameinist endalaus lúxus og fágun og hrikalegt afl magnaðasta sportbíls. Ekki slæmur kokteill þar! Það að upplifa þennan bíl er bara fáránlegt og skildi greinarritari loksins af hverju S-Class er langvinsælasti stóri lúxusbíll í heimi, það gerir bara enginn betur en þetta. Mercedes Benz S-Class má fá með miklu úrvali véla, bæði bensín- og dísilvélum, fleirum en svo svo að slíkt verði hér upp talið.

### Spretturinn tekinn á „Autobahn“

Það var ekki boðið upp á leiðinlegt leiðaval um sveitirnar í nágrenni Zürich og fegurð Sviss verður ekki dregin í efa við þennan reynsluakstur, en einn er þó ókosturinn við að rúnta um sveitir Sviss, þar í landi er hvergi að finna hraðbrautir með ótakmarkaðan hámarkshraða. Því bar leiðakerfið í S63 AMG bílnum leiðangursmenn yfir landamærin til Þýskalands og þar skyldi hitta fyrir hraðbrautir þar sem Þjóðverjar hafa ekki bara glatt okkur með frábærri vegalagningu á sínum Autobahn vegum, heldur var þar að finna nógu langan kafla til að prófa hvað raunverulega býr í svona kraftaköggli sem S63 AMG. Í fyrstu á þeim kafla var ekki rými til að spretta nægjanlega úr spori, en svo var eins og himnarnir opnuðust eða Rauðahafið fyrir Móse forðum. Var þá hægri fóturinn settur í gólfið og bæði ég og farþegar í bílnum supum hveljur og mikið af þeim. Bakið þrýstist í sætið og látum var ekki linnt fyrr en stóð 276 á hraðamælinum. Við þann hraða var eins og aflinu væri slegið út rafrænt og ekki hraðara farið þó vilji stæði til og næg geta bílsins enn til staðar. Þarna sannfærðust leiðangursmenn um getu þessa bíls, svitnuðu smá og endurnýjuðu kynnin við húð gæsa.

### Betri vélar lækka verðið

Eins og eðlilega á við stærstu gerðir þýsku lúxusbílaframleiðendanna eru þeir seint ódýrir bílar, en þó. Þar sem Benz eins og aðrir bílaframleiðendur eru sífellt að ná niður $CO_2$ mengun bíla sinna þá er S-Class nú að lækka í verði frá forveranum í flestum sínum myndum. Sem dæmi þá verður hægt að fá S 560h með tengiltvinntækni og 49 g $CO_2$ mengun, bíl sem er heil 469 hestöfl og innan við 5 sekúndur í hundraðið, á undir 14 milljónum króna. Það telst seint hátt verð fyrir slíkan lúxusbíl með krafta í kögglum. S 350d dísilútgáfa bílsins verður þó enn ódýrari og á 12.950.000 kr. miðað við gengi evrunnar í dag. Víst er að S63 AMG bíllinn verður ekki ódýr, en þar sem $CO_2$ mengunin fer niður með nýrri vél má fullt eins búast við því að hann lækki í verði. Kannski er bara tími stóru lúxusbílanna upprisinn og það vonandi á kostnað dýrra jeppa sem allir eru að fá sér í dag. Það er bara svo miklu skemmtilegra að aka svona bílum en jeppunum og þeir kosta hæglega það sama. Allt fer þetta þó eftir notagildinu, en sumir jeppanna sjá aldrei malarveg. Þeir sem prófa þessa andlitslyftu gerð S-Class munu sannfærast.





VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Hver man ekki eftir honum þessum?

## Chevy Blazer snýr aftur árið 2019

Margir muna eftir Chevrolet Blazer jeppanum sem vinsæll var hérlendis á árum áður, en hefur var framleiddur hjá Chevrolet á árunum 1969 til 1999. Chevrolet ætlar að hefja framleiðslu Blazer aftur eftir 20 ára framleiðsluhlé árið 2019. Þar verður þó ekki fullvaxinn jeppi á ferð sem fær verður um að glíma við miklar torfærur því þessi bíll verður hugsaður til að glíma við samkeppnisbílana Nissan Murano og Ford Edge. Líklega mun nýr Blazer fá sama undirvagn og GMC Acadia og því fellur hann á milli stærðar Equinox og Traverse af Chevrolet-bílum. GMC Acadia er næstbesti sölubíll GMC á eftir Sierra-pallbílnum og því áætlar Chevrolet að nýr Blazer af svipaðri stærð og Acadia muni geta náð fullt eins miklum vinsældum. Fyrir nostalgíusinnaða bílaáhugamenn, ekki síst aðdáendur jeppa, er því athyglivert að bæði ætlar Ford að framleiða nýjan Bronco og Chevrolet nýjan Blazer. Tími jeppanna í henni Ameríku er greinilega núna og fátt fær stöðvað síaukna sölu þeirra.



Tveir hátalarar spretta upp úr mælaborðinu.

## Nýr Audi A8 með 23 hátalara og 1.920 wött

Það er fátt til sparað þegar kemur að flaggskipum þýsku lúxusbílaframleiðendanna og þar er Audi A8 engin undantekning. Bose-hljóðkerfi bílsins er með því allra öflugasta sem um getur, en afl þess er 1.920 wött sem sturtast út úr einum 23 hátölurum víðsvegar um bílinn. Líklega eru fá dæmi um fleiri hátalara í einum bíl og er tvo þeirra að finna í A-póstinum frammi í bílnum, aðra tvo aftast í þakinu ofan aftursætisfarþega og tveir skjótast upp úr mælaborðinu við ræsingu bílsins. Þrívíddarhljómurinn sem kemur frá þessu hljóðkerfi er víst engu líkur og að sögn Audi og Bose manna er þess best notið með klassískri tónlist sem tekin er upp á hljómleikum, eða annarri tónlist sem ekki hefur verið breytt eftir á með stúdíóvinnu. Hver einasti hátalari bílsins er með sinn eigin magnara og reikniritið sem stjórnar kerfinu var hannað af Audi með hjálp frá Fraunhofer Institute í Erlangen í Þýskalandi. Aftursætisfarþegar geta stjórnað hljóðinu aftur í með skipunum á snertiskjá. Framleiðsla er hafin á nýrri kynslóð Audi A8 bílsins í Neckarsulm í Þýskalandi, en afhending á bílunum hefst þó ekki fyrr en með haustinu.

## Raforkugeymslur geta hraðað þróun netkerfis hraðhleðslustöðva

Breska fyrirtækið Connected Energy hefur í samstarfi við Renault látið setja upp tvær raforkugeymslustöðvar, E-STOR, fyrir rafbíla við evrópskar hraðbrautir. Stöðvarnar sem staðsettar eru við hraðbraut í Belgíu og Þýskalandi eru þær fyrstu sinnar tegundar. Tækni Connected Energy felst í því að mörgum öflugum rafhlöðum af nýjustu kynslóð frá Renault er komið fyrir í gámi, þar sem þær eru hlaðnar við lágan rafstraum. Hlöðurnar geyma raforkuna sem síðan er veitt inn á hraðhleðslustöð fyrir utan gáminn þegar rafmagnsbíll kemur til að fá raforku. Að sögn Matthews Lumsden, framkvæmdastjóra Connected Energy, er þetta ódýrari aðferð heldur en ef hraðhleðslustöðvarnar væru tengdar við t.d. þriggja fasa tengingu frá almenna raforkukerfinu. Aðferð Connected Energy er því afar hagkvæm með hliðsjón af hratt vaxandi þörf fyrir fleiri hraðhleðslustöðvar samfara fjölgun slíkra bíla í umferðinni. Segir Lumsden að hann vonist til þess að aðferð fyrirtækisins verði til þess að unnt verði að þróa netkerfi hraðhleðslustöðva hraðar en nú er raunin.






Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA UM SPORTIÐ

Kjartan Atli, Gummi Ben, Höddi Magg og fleiri góðir fylgjast granntmeð öllu sem viðkemur íþróttaheiminum á Stöð 2 Sport. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.

MARGFALT SKEMMTILEGRI 365.is 365

ÚT Á GRANDA

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán. – fös. kl. 9 – 18. Laugard. kl. 9 – 16. Sunnudag kl. 10-14



# ALLT INNIFALIÐ
## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

TILBOÐIÐ GILDIR
ÚT SEPTEMBER 2017


NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
~~316.100~~


NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
~~276.600~~


NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
~~408.900~~


NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
~~402.900~~


NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
~~ÁÐUR 482.900~~


NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
~~442.900~~


NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
~~451.900~~


NR. 115
VERÐ KR. 369.420
~~532.900~~


NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
~~462.900~~


NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
~~552.900~~

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Graníthöllin
Legsteinar

MÖRKIN 4,
REYKJAVÍK

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**bilaborg.is**
**Sími 517-1111**




M.BENZ S 450 4matic . Árgerð 2010, ekinn 111 Þ.KM, bens ín, sjálfskiptur. Tilboðsverð stgr 5.699 þús Rnr.133112. Ásett skiptiverð 7.9 millj. Uppl síma 696-1001 www.bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu

Ford Ka+ nýr, fullt verð 1.840.000 3ja ára ábyrgð. Tilboð óskast. Uppl. í s. 692 8540

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Bátar

**VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN**
Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890







## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Bækur

**HORNSTRANDABÆKURNAR FYRIR FRÓÐLEIKSFÚSA**
Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka 7,500 kr.
Upplögð afmælis og tækifærisgjöf.
Frítt með póstinum.
Vestfirska forlagið
**Pantanir jons@snerpa.is**
**456 8181**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu undir dót. Uppl á: hreinverk.is og í s. 699 6762 Tómas

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óska eftir vélstjóra á tæplega 200t netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522

Málarameistari óskast! Tilboð óskast í þakmálningu á Skriðuseli 1, 109 Reykjavík. Uppl. í sima 557-4391 og 660-8301

**HÁSETI VANTAR**
Háseta vantar á mb. Núp BA 69 sem rær með beitingavél frá Patreksfirði. Uppl. í símum 897 1591, 862 5767 og 846 3526.





**FLOTT INNIVINNA!**
**- FYRIR DUGMIKINN, SJÁLFSTÆÐAN OG LAGHENTAN EINSTAKLING**

Rekkjan er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í að láta fólki líða vel á nóttinni og er m.a umboðsaðili King Koil og dreifingaraðili Fatboy á Íslandi.

Starfsfólk þess er metnaðarfullt og leggur sig ávallt fram við að veita bestu þjónustu sem völ er á með bros á vör. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin misseri og er byggt upp af mikilli fagmennsku.

**Vegna aukinnar umsvifa leitar Rekkjan að laghentum og dugmiklum einstakling sem getur unnið sjálfstætt við smíðavinnu og almenn lagerstörf.**

*Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið: rekkjan@rekkjan.is.*

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan heilsurúm ehf.
Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· Sími 588 1955 ·· Fax 588 1951
www.rekkjan.is

**STÖRF Í BOÐI Í RÚMFATALAGERNUM BÍLDSHÖFÐA**

NÝ VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 20




**Rúmfatalagerinn Bíldshöfða** óskar eftir að ráða hresst og jákvætt fólk til starfa í **metravörudeild, smávörudeild, baðdeild, fatadeild, húsgagnadeild** og **á kassa**. Bæði fullt starf og hlutastarf í boði. Gott atvinnutækifæri sem býður upp á frábæra framtíðarmöguleika.

**Rúmfatalagerinn Bíldshöfða**
Vinsamlegast sendið ferilskrá á ivar.ivarsson@rfl.is
eða hringið í síma 820-8011 (Ívar)
eða 842-8066 (Margrét)

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

ráðum
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is


## AUGLÝSING
## Um skipulag í Sveitarfélaginu Vogum. Tillögur að breytingu á deiliskipulagi

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 30. ágúst 2017 að auglýsa eftirfarandi tillögur að breytingu á deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Iðnaðarsvæði við Vogabraut.**
Breytingin felst í eftirfarandi: Lóðirnar við Heiðarholt 2, 2a og 4 eru sameinaðar í eina lóð, Heiðarholt 2. Stærð sameinaðar lóðar er 6.725 m2. Vegna sameiningar lóðanna eru gerðar breytingar á bygginarreitum og verður einn byggingarreitur innan sameinaðar lóðar. Stærð og lega byggingarreitsins er í samræmi við byggingarreiti aðliggjandi lóða til suðurs, sem og bindandi byggingarlína. Sjálfsafgreiðslustöð eldsneytis sem gert var ráð fyrir á lóðinni fellur út eftir breytinguna og er því ekki þörf fyrir einstefnu aðkomuleið akandi umferðar inn á lóðina frá Vogabraut og fellur hún út. Jarðvegsmön norðan Vogabrautar mun framlengjast um 50 m. Gert er ráð fyrir húsgerð A innan sameinaðar lóðar og verður nýtingarhlutfall það sama og fyrir húsgerð A eða 0,4.

**Iðndalur.**
Breytingin felst í eftirfarandi: Bætt er við aðkomuleið að baklóðum á milli lóða við Iðndal 15 og 23. Heitisbreyting er gerð á lóðum við Iðndal 5 og 5A sem verða Stapavegur 5 og 5A. Breyting er gerð á lóðarmörkum við Stapaveg 5, 5A og 7. Lóð við Stapaveg 7 stækkar til suðurs og minnka lóðir við Stapaveg 5 og 5A vegna þess. Lóð við Stapaveg 7 stækkar úr 7.457 $m^2$ í 8.294 $m^2$. Lóð við Stapaveg 5 minnkar úr 1.075 $m^2$ í 813 $m^2$. Lóð við Stapaveg 5A minnkar úr 2.078 $m^2$ í 1.524 $m^2$. Vegna breyttra lóðarmarka breytast byggingareitir og aðkoma akandi umferðar að lóðum við Stapaveg 5 og 5A. Lóðarmörk og lóðarstærð við Iðndal 1 eru leiðrétt. Nýtingarhlutfall lóða hækkar úr 0,4 í 0,5.

Tillögurnar eru settar fram á uppdrætti ásamt greinargerð og vísast til þeirra um nánari upplýsingar.
Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með með þriðjudeginum 5. september 2017 til og með þriðjudagsins 17. október 2017. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/Skipulag/Skipulag_i_kynningu/.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en þriðjudaginn 17. október 2017.

*Vogum, 5. september 2017*
*f.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*


theater mogul
kynnir
Bæjarbíó Hafnarfirði
Gamla Bíó Reykjavík
HELLISBÚINN
Leikari: Jóel Sæmundsson
Leikstjórn: Emma Peirson
OLIVIER AWARDS WINNER
GUINNESS WORLD RECORDS
MIÐASALA Á MIÐI.IS
















## Tryggvi Snær Hlinason

**Íslandi**
19 ára
**Fæddur:** 28. október 1997
215 sentímetrar, **miðherji**
Leikmaður Valencia á Spáni
*Lék áður með Þór Akureyri á Íslandi*

„Tryggvi er ennþá bara efnilegur. Menn átta sig ekki á því eftir sumarið og tala um hann sem frábæran leikmann. Hann hefur öll tól til þess að verða góður. Menn verða samt að átta sig á því að það er svolítið stórt að fara frá því að spila með Þór Akureyri og vera bara búinn að spila körfubolta í fjögur ár í það að fara í alvöru bolta. Þetta mun taka tíma hjá honum en hann sýnir það við og við að hann hefur tilfinningu fyrir hvernig hann á að vera og spila. Ég held að það geti ótrúlegir hlutir gerst hjá þessum dreng ef hann heldur rétt á spöðunum,“ segir Finnur.



## Lauri Markkanen

**Finnlandi**
20 ára
**Fæddur:** 22. maí 1997
213 sentímetrar, **kraftframherji**
Leikmaður Chicago Bulls í NBA
*Lék áður með Arizona í bandaríska háskólaboltanum*

„Þessi hæfileiki hans, að geta sett niður stór skot, er eitthvað sem er gulls ígildi. Hann er að falla í þetta form af nýjum fimmum og það eru gaurar sem eru að breyta körfuboltanum hægt og rólega. Það verður gríðarlega forvitnilegt að sjá Markkanen í NBA-deildinni næsta vetur. Það mun taka hann tíma að læra inn á hlutina þar en mér finnst hann vera hæfileikamaður frá náttúrunnar hendi. Hann hefur alltaf getað skorað. Hann verður aðalmaðurinn í finnska landsliðinu næsta áratuginn, ef ekki áratugina,“ segir Finnur.



## Luka Doncic

**Slóveníu**
18 ára
**Fæddur:** 28. febrúar 1999
201 sentímetri, **bakvörður**
Leikmaður Real Madrid á Spáni
*Lék áður með unglingaliði Union Olimpija í Slóveníu*

„Saga hans er einstök. Hann fer þrettán ára yfir í Real Madrid og spilar síðan sinn fyrsta leik með aðalliðinu sextán ára gamall. Að vera þetta ungur með þetta þroskaðan leikstil er alveg einstakt. Hann hefur þann hæfileika að geta spilað nánast allar stöðurnar inni á vellinum frá eitt til fjögur. Það kæmi mér verulega á óvart ef NBA-liðin tækju ekki sénsinn á honum í fyrstu valréttunum. Þetta er einstakur hæfileikamaður sem er þegar kominn með einstaka reynslu á sínum ferli. Maður sér eiginlega ekki veikleikann,“ segir Finnur.

# Körfuboltaprinsarnir

**Ísland á eftir tvo leiki á EM í Helsinki og í þeim leikjum fá Íslendingar að kynnast líklegum framtíðarstjörnum í NBA-deildinni. Fréttablaðið fékk Finn Frey Stefánsson til að segja frá þeim og bera saman við Tryggva Snæ Hlinason.**

**KÖRFUBOLTI** Flesta körfuboltamenn dreymir um að komast í NBA-deildina. Margir leikmenn í riðli Íslands á Evrópumótinu í Helsinki hafa þegar náð því að komast í bestu deild í heimi og aðrir eru á þröskuldinum.

Næstu tveir leikir íslenska körfuboltalandsliðsins á EM eru á móti liðum Slóveníu og Finnlands en bæði lið hafa gert mjög góða hluti á mótinu til þessa. Slóvenar eru á toppnum í riðlinum með fullt hús og Finnar hafa bara tapað á móti Slóvenum og unnu meðal annars Frakka í fyrsta leik.

Tveir ungir leikmenn hafa nefnilega farið fyrir sínum liðum í Helsinki, annars vegar Finninn Lauri Markkanen og hins vegar Slóveninn Luka Doncic.

### Verðandi stórstjörnur

Íslenski miðherjinn Tryggvi Snær Hlinason stimplaði sig inn í sumar og er kominn inn á lista yfir mögulega framtíðarmenn í NBA-deildinni en þar hafa efnilegustu leikmenn Finna og Slóvena verið lengi. Báðir hafa þeir sýnt okkur af hverju í fyrstu þremur leikjum Finna og Slóvena á EM 2017.

Hinn tvítugi Markkanen er þegar kominn í NBA-deildina en hann mun klæðast búningi Chicago Bulls í vetur. Doncic er hins vegar aðeins átján ára gamall. Hann hefur spilað með aðalliði Real Madrid frá 2015 og það þykir næstum því öruggt að hann verið valinn snemma í nýliðavali NBA-deildarinnar næsta sumar.

> Báðir eru ótrúlega þroskaðir leikmenn miðað við hvað þeir eru ungir.
>
> Finnur Freyr Stefánsson

Luka Doncic skoraði 22 stig fyrir Slóvena í endurkomusigri á Grikkjum í síðasta leik og er með 13,7 stig, 7,0 fráköst og 3,7 stoðsendingar að meðaltali í leik á EM. Doncic spilaði 19,9 mínútur að meðaltali í leik með Real Madrid í Euroleague á síðasta tímabili en náði á þeim tíma að vera með 13,3 stig, 4,5 fráköst og 4,2 stoðsendingar að meðaltali í leik. Engin smá tölfræði hjá átján ára strák en hann er fæddur í febrúar 1999.

Markkanen átti mjög flott fyrsta ár með Arizona-háskólanum þar sem hann skoraði 15,6 stig í leik. Minnesota Timberwolves valdi hann númer sjö í nýliðavali NBA í sumar en hann fór síðan til Chicago Bulls í Jimmy Butler skiptunum. Markkanen hefur skorað yfir tuttugu stig í öllum þremur leikjum Finna á Eurobasket og hefur auk þess hækkað stigaskor sitt með hverjum leik. Hann er með 24,3 stig að meðaltali í leik og 56 prósent skotnýtingu í fyrstu þremur leikjum sínum á EM.

### Ungir en þroskaðir

Finnur Freyr Stefánsson, aðstoðarþjálfari íslenska landsliðsins, þekkir þessa leikmenn vel sem og Tryggva Snæ Hlinason sem blómstraði undir hans stjórn með tuttugu ára landsliðinu á EM fyrr í sumar.

„Báðir eru ótrúlega þroskaðir leikmenn miðað við hvað þeir eru ungir og ekki síst ef við horfum á þá frá taktísku sjónarhorni. Það er gaman að sjá þá spila og þá einkum ákvörðunartökuna hjá þeim. Það sést þó aðeins á þeim hvað þeir eru ungir ennþá,“ segir Finnur.

Við Íslendingar bindum líka vonir við að einn okkar landsliðsmanna geti einhvern tímann bankað á NBA-dyrnar. Uppkoma Tryggva Snæs Hlinasonar hefur verið hröð og hann á enn nokkuð í land með að fóta sig á stóra sviðinu. Skrefin sem hann hefur tekið að undanförnu hafa þó öll verið í rétta átt. „Tryggvi er ólíkur þessum tveimur að því leyti að Markkanen og sérstaklega Doncic hafa verið stjörnur frá unga aldri og eru komnir framarlega, ekki bara í getu heldur líka í þekkingu á leiknum,“ segir Finnur. Hann talar um þessa þrjá körfuboltaprinsa sinna þjóða hér fyrir ofan. **ooj@frettabladid.is**




Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

# VIÐ ERUM AÐ TALA **UM ÞIG**

Við framleiðum íslenskt efni fyrir þig.
Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með **Stöð 2**.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 365



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnhildur Jónsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 1. september. Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Steinhildur Sigurðardóttir** **Kristján Hallgrímsson**
**Kristín G. Sigurðardóttir** **Sigurður Ingvarsson**
**Jóanna H. Sigurðardóttir** **Bjarni Jónsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sveinbjörn Þór Einarsson**

myndlistarmaður,

lést 30. ágúst. Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 7. september kl. 13.

**Elín Helga Sveinbjörnsdóttir** **Hilmar Björnsson**
**Sveinbjörn Óli Sveinbjörnsson**
**og barnabörn.**



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Hugi Sigurbrandsson**

frá Grænhól,

lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar sunnudaginn 27. ágúst 2017. Útförin fer fram frá Hagakirkju laugardaginn 9. september 2017 kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Hulda Kristjánsdóttir** **Rúnar S. Guðlaugsson**
**Olga Kristjánsdóttir** **Brynjar Daníelsson**
**Mjöll Kristjánsdóttir** **Gustaf Wannberg**
**Hildur Kristjánsdóttir** **James W. Henry**
**börn og barnabörn.**



†

Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,

**Gunnar Guðmundsson**

rafvirkjameistari
frá Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 30. ágúst sl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 7. september kl. 13.00.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Guðmundur Haukur Gunnarsson**
**Alexander Svavar Gunnarsson** **Rannveig Aðalsteinsdóttir**
**Sævar Gunnarsson** **Friðrikka Sólveig Jónsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson** **Linda Laufey Bragadóttir**
**Kristinn Ingi Gunnarsson** **Lilja Bára Steinþórsdóttir**



†

Ástkær dóttir okkar og barnabarn,

**Selma Rún Ágústsdóttir**

Byggðavegi 142,
Akureyri,

lést á Barnaspítala Hringsins 24. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 7. september kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju, félag langveikra barna, sími 552-4242 eða umhyggja.is.

**Ágúst Svan Aðalsteinsson** **Berglind Jónsdóttir**
**Jón Rúnar Þorsteinsson** **Ásrún Elín Guðmundsdóttir**
**Aðalsteinn Dagsson** **Selma Dröfn Ásmundsdóttir**

*Nærgætni, hlýja og virðing* — *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

# Konungur og drottning eldfjallsins

Elísabet Margeirsdóttir og Birgir Sævarsson unnu Hengil Ultra Trail 100 km hlaupið um helgina. Þau komu í mark á 16 klukkutímum og 42 mínútum. Sigrinum í 100 km fylgir nafnbótin Konungur og drottning eldfjallsins sem þau Elísabet og Birgir bera, að minnsta kosti fram að næstu keppni.

Keppendur voru ræstir í Listigarðinum í Hveragerði um miðnætti, þaðan var hlaupið upp Reykjadalinn og síðan upp á Hengilinn og yfir hann í lengstu vegalengdunum. Mikil þoka var á fjallinu, auk náttmyrkurs og nokkurs vinds á tímabili. Þátttaka í 24, 50 og 100 kílómetra vegalengdunum tryggir keppendum þátttökupunkta í hinum heimsfrægu Mont Blanc hlaupum. Fjöldi hlaupara kom frá útlöndum til að taka þátt í hlaupinu. **– gun**



**Elísabet var eina konan sem hljóp 100 km í ár. Hún og Birgir voru hress eftir afrekið.** MYND/RAGNAR ÞÓR PÉTURSSON.



†

Ástkær eiginkona mín og ættmóðir okkar,

**Guðrún Ólafía Tómasdóttir**

húsfreyja, Eyjum II, Kjós,

lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ 2. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju kl. 13.00 laugardaginn 9. september. Jarðsett verður í Reynivallakirkjugarði í Kjós að athöfn lokinni.

**Magnús Sæmundsson**
**Tómas K. Sigurðsson** **Rut Friðfinnsdóttir**
**Kristján Sigurðsson**
**Ólafur M. Magnússon** **Sigrún Bjarnadóttir**
**Haraldur Magnússon** **Guðrún Ingvadóttir**
**Jórunn Magnúsdóttir** **Sigurður Kristjánsson**
**Lára G. Magnúsdóttir** **Sindri Valdimarsson**
**Sæmundur St. Magnússon** **Guðrún Katrín Sandholt**
**Sigurrós Weaber** **Gunnar Ingimundarson**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Úlfar Björnsson**

frá Skagaströnd,
Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést að Droplaugarstöðum þann 1. september síðastliðinn. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík kl. 13 þann 19. september. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Úlfars er bent á Hollvinasamtök Droplaugarstaða eða Blindrafélagið, Hamrahlíð 17.

**Hanna Signý Georgsdóttir**
**Haraldur Úlfarsson** **Nom Phonlap**
**Ragnheiður Birna Úlfarsdóttir**
**Guðrún Alda Úlfarsdóttir**
**Björn Úlfarsson**
**Sigurður Viktor Úlfarsson** **Inga Jóna Þórisdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurbjörg Hlöðversdóttir**

frá Djúpavogi,
Þingvallastræti 34, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð, fimmtudaginn 31. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. september kl. 13.30.

**Jón Hlöðver Áskelsson** **Sæbjörg Jónsdóttir**
**Freyr Áskelsson** **Friðbjörg K. Hallgrímsdóttir**
**Rósa Áskelsdóttir** **Högne Steinbakk**
**Aðalbjörg Áskelsdóttir** **Gísli Már Ólafsson,**
**Hörður Áskelsson** **Inga Rós Ingólfsdóttir**
**Gunnhildur Áskelsdóttir** **Knut Jarbo**
**Lúðvík Áskelsson** **Aðalheiður Ósk Sigfúsdóttir**
**tuttugu barnabörn og þrjátíu og átta barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts ástkærs sonar míns, bróður og barnabarns,

**Arnar Úlrikssonar**

**Kristín Guðrún Jónsdóttir**
**Helgi Þór Kristínarson**
**Ingigerður Dóra Þorkelsdóttir**



†

Okkar ástkæri

**Eiríkur Ingi Grétarsson**

varð bráðkvaddur á Alicante, Spáni, laugardaginn 26. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Anna Lilja Flosadóttir**
**Alda Karen Eiríksdóttir**
**Unnur Gréta Eiríksdóttir**
**Þorgerður Arnórsdóttir**
**Jón Páll Grétarsson** **Margrét Jónsdóttir**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu okkar,

**Önnu Jónsdóttur**

Bröttugötu 4A, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar í Borgarnesi fyrir góða umönnun síðustu ár.

**Guðmundur Pétursson**
**Guðlaug Lára Guðmundsdóttir** **Ólafur Þór Valdemarsson**
**María Erla Guðmundsdóttir** **Pétur Valgarð Hannesson**
**Pétur B. Guðmundsson** **Guðfinna Gísladóttir**
**og barnabörn.**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Ragnar Lárusson**

Álftamýri 10, Reykjavík,

lést á Grund þann 12. ágúst sl. Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa. Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar V-3 á Grund fyrir mjög góða og umhyggjusama umönnun undanfarin ár.

**Kristín Jónsdóttir** **Pétur Þórir Pétursson**
**Hjördís Jónsdóttir**
**Ágúst Ragnar Pétursson** **Gwen Requierme**
**Gyða Pétursdóttir** **Quentin Jourde**
**Ingibjörg J. Lárusdóttir** **Guðbjörn Ó. Eyjólfsson**
**langafabörn.**



# Vertu meira þú

Við hjálpum þér að koma auga á þá hæfleika sem í þér búa og yfirstíga það sem heldur aftur af þér. Við munum hvetja þig til að taka stærri skref með skýrari markmið, virkja sköpunarkraftinn og koma sjálfum þér og öðrum á óvart. Vera meira þú.

| **Námskeið** | **Hefst** |
|---|---|
| Áhrifaríkar kynningar | 28. september / 24. október |
| Árangursrík framsögn | 15. nóvember |
| Árangursrík sala | 10. október |
| Dale Carnegie á kvöldin | 12. og 28. september / 11. október |
| Dale Carnegie morgunnámskeið | 4. október |
| Dale Carnegie þriggja daga | 6. október |
| Framúrskarandi öryggismenning | 2. október |
| Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur | 12. október |
| Stjórnendaþjálfun | 17. október |
| Þjálfun fyrir þjálfara | 21. nóvember |

**Ókeypis kynningartímar**
**í Ármúla 11, 3. hæð**

7. september kl. 20:00 til 21:00
13. september kl. 20:00 til 21:00

Skráning á: **dale.is**
Sími: 555 7080

Dale Carnegie

ÍSLENSKA/SIA.IS DAL 85604 08/17

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Í dag er útlit fyrir fremur hæga breytilega vindátt á landinu. Skúrir á víð og dreif, en talsverð rigning um tíma austanlands annað kvöld. Hiti yfirleitt 10 til 15 stig, en heldur svalara á Vestfjörðum.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° ↘ 5 | 5° ↓ 5 | 8° ↓ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° ↘ 7 | 12° ↘ 6 | 5° ↓ 6 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° ↓ 2 | 5° ← 3 | 6° ↙ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° ↖ 4 | 8° ← 6 | 5° ↖ 2 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 6 | | | | 9 |
| | 5 | | 4 | | 9 | 3 | | 7 |
| | | | 5 | | | | 6 | |
| 6 | 8 | | | | 3 | | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| 9 | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| | | 9 | | 7 | | 2 | | 3 |
| 7 | | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | | 1 | | 6 | | | |
| 1 | 8 | | 3 | | | | | 6 |
| | | | 4 | | 2 | | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| 5 | | | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | | 6 | | | | 2 | |
| 8 | | | 7 | | | 1 | | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 7 | 3 | | 4 | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 6 | | 2 | |
| | 1 | | | 4 | | 3 | | 7 |
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| | | 1 | | | | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 1 | | 6 | |
| 8 | | 3 | | 6 | 4 | | | |
| 6 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | 8 | | | | 1 | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. júdó
6. óp
8. rís
9. ker
11. na
12. ónýta
14. dramb
16. nú
17. lóa
18. öld
20. rr
21. slef

**LÓÐRÉTT**
1. kókó
3. úr
4. dínamór
5. ósa
7. pendúll
10. rýr
13. tal
15. bara
16. nös
19. de



**LÁRÉTT:** 2. íþrótt, 6. org, 8. lyftist, 9. ílát, 11. átt, 12. eyðileggja, 14. hroki, 16. núna, 17. fugl, 18. tímabil, 20. tveir eins, 21. munnvatn.
**LÓÐRÉTT:** 1. drykkur, 3. rún, 4. rafall, 5. rjúka, 7. dingull, 10. magur, 13. skrá, 15. einungis, 16. bjargbrún, 19. í röð.

## Skák Gunnar Björnsson

Aleksandr Lenderman (2.565) átti leik gegn Pavel Eljanov (2.734) á Heimsbikarmótinu í skák. Eljavov lék síðast 54. He2-d2??

**54. ... Hxd4! 55. Hb2** (55. Hxd4-Rc2+). **55. ... Hd7 56. b6 Hb7 57. Ke2 Rd5.** Eljanov tapaði einnig seinni skákinni og féll óvænt úr leik. Jóhann Hjartarson féll einnig úr leik eftir annað tap gegn David Navara.

**www.skak.is:** Heimsbikarmótið.






Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA **UM GLEÐI**

MARGFALT SKEMMTILEGRI 365.is 365


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

### 5. SEPTEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Camus kvartett
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Hljómsveitina skipa þeir Sölvi Kolbeinsson á saxófón, Rögnvaldur Borgþórsson á gítar, Birgir Steinn Theódórsson á kontrabassa og Óskar Kjartansson á trommur. Þeir munu meðal annars flytja lög eftir Miles Davis, Joe Henderson og McCoy Tyner.

**Hvað?** Jerry Springle
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Jerry Springle er úkraínskur söngvari og lagahöfundur sem spilar á úkúlele.

### Viðburðir

**Hvað?** Bókmenntahátíð á Akureyri – Höfundamót
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Menningarhúsið Hof, Akureyri
Anne-Cathrine Riebnitzsky (Stormurinn og stillan) og Esmeralda Santiago (Næstum fullorðin) lesa upp úr verkum sínum. Tveir félagar úr akureyrskum bókaklúbbi segja frá upplifun sinni af lestri bókanna og vangaveltum sem urðu til við lesturinn og hafa tækifæri til að spyrja höfundana beint út í verkin. Áheyrendum úti í sal gefst einnig kostur á að spyrja spurninga og taka þátt í umræðunum. Viðburðurinn fer fram á ensku og íslensku.

**Hvað?** Bókmenntahátíð á Akureyri – Maður á mann
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Menningarhúsið Hof, Akureyri
Arnar Már Arngrímsson rithöfundur spjallar við Esmeröldu Santiago um konur, sjálfsmynd og flutninga í ritverkum hennar. Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður spjallar við Anne-Cathrine Riebnitzsky um konur og stríð ásamt fjölskyldum í skáldskap. Auk þess munu þau Margrét H. Blöndal, Þórgunnur Oddsdóttir, Kristín Þóra Kjartansdóttir, Megas og Hlynur Hallsson lesa upp úr nýútgefnum verkum sínum úr ritröðinni Pastel. Ávarp flytja þær Þuríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar, og Stella Soffía Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Bókmenntahátíðar í Reykjavík.



Megas og fleiri munu lesa upp úr verkum sínum á Akureyri í dag.

**Hvað?** Freddy for a day
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Allir sem mæta í Freddy Mercury átfitti fá drykk í boði hússins.

**Hvað?** Höfundakvöld með Sørine Steenholdt
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Frá haustinu 2015 hefur Norræna húsið staðið mánaðarlega fyrir höfundakvöldum með spennandi norrænum höfundum. Að þessu sinni er gestur höfundakvöldsins Sørine Steenholdt frá Grænlandi. Heiðrún Ólafsdóttir, sem þýtt hefur bókina Zombíland á íslensku, stýrir umræðum sem fara fram á dönsku.

**Hvað?** Morgunverðarfundur – Norsk-íslenska viðskiptaráðið
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Hilton hótel
Norsk-íslenska viðskiptaráðið býður til morgunverðarfundar þar sem uppbygging árangursmenningar verður í brennidepli. Stjórnendur fyrirtækja jafnt sem íþróttaþjálfarar standa daglega frammi fyrir þeirri áskorun að hámarka árangur þeirrar liðsheildar sem þeir vinna með á sama tíma og markmiðið er að hver einstaklingur njóti sín. Hvert er hlutverk leiðtogans, hvaða vægi hafa gildi, liðsheild og viðhorf? Til að svara þessum spurningum höfum við fengið til liðs við okkur frábæra og reynslumikla fyrirlesara sem tengja saman Noreg og Ísland, viðskiptalíf og íþróttir, árangur liðsheildar og árangur einstaklinga.

**Hvað?** Konur og krínólín Leikhúslistakonur 50+
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Sagan á bak við Konur og krínólín er sú að Leikhúslistakonur 50+ frumsýndu verkið 17. júní sl. sem hluta af hátíðarhöldum Reykjavíkurborgar í tilefni þjóðhátíardagsins. Aðsóknin var slík að fjöldi fólks þurfti frá að hverfa, en nú gefst áhugasömum annað tækifæri til að koma og fá líflega innsýn í tískuheim liðinnar aldar. Sýningin rekur í samanþjöppuðu formi sögu kvenfatatískunnar frá 1890-1990; frá krínólíni til rasspúða, frá efnislitlum Charleston-kjólum til tjullkjóla í ætt við rjómatertur og konfektkassa, frá „the little black dress“ til Hagkaupssloppsins, allt í bland við tónlist hvers tímabils, kryddað með lauflettu glensi Eddu Björgvinsdóttur í hlutverki hins þaulreynda „dressers“.



Sørine Steenholdt frá Grænlandi, höfundur bókarinnar Zombílands, er gestur hins mánaðarlega höfundakvölds í Norræna húsinu að þessu sinni.

### Sýningar

**Hvað?** Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir

**Hvað?** Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafn, Sigtúni

**Hvað?** Kjarval – lykilverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir







# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur




**HVAR ER BEST AÐ BÚA?**
Frábærir þættir þar sem við fáum nasaþefinn af því hvar er best að búa í heiminum. Í þessum þætti heimsækir Lóa Pind kraftmikil hjón í fasteignabransanum í Kanada. Þau fluttu með unglinginn sinn til Halifax þar sem frostið getur farið niður í 35 stig og húsmóðirin tekur lögguvaktir sem afbrotasálfræðingur.


**ÞRÆLGOTT**
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365


**FRIGHT CLUB**
Frábærir heimildarþættir þar sem fylgst er með fólki sem glímir við ýmiss konar fælni og hvernig mögulegt er að sigrast á þessum vanda.






**MAN IN AN ORANGE SHIRT**
Vandaðir og stórgóðir þættir úr smiðju breska metsöluhöfundarins Patricks Gale sem eru byggðir á tveimur magnþrungnum ástarsögum sem tengjast saman þrátt fyrir sextíu ára tímamismun.

**BALLERS**
Stórskemmtilegir þættir um ameríska ruðningshetjur og stjörnum prýtt líf þeirra með hinum eina sanna Dwayne Johnson í aðalhlutverki.



**PAWN SACRIFICE**
Myndin segir frá uppgangi undrabarnsins Bobby Fischers í skákheiminum. Sjö ára gamall var hann búinn að sjálfmennta sig svo vel að hann var farinn að vinna alla sem tefldu við hann.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


## STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.20 Teen Titans Go!
07.45 Mike and Molly
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Jamie's 30 Minute Meals
10.40 Mr. Selfridge
11.25 Catastrophe
11.50 Suits
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance
13.45 So You Think You Can Dance
15.10 So You Think You Can Dance
16.30 Simpson-fjölskyldan
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Kevin Can Wait
19.45 Hvar er best að búa
20.20 Fright Club
21.05 Man in an Orange Shirt
22.05 Ballers
22.35 Empire
23.20 Nashville
00.00 Orange Is the New Black
01.00 The Night Shift
01.45 Nashville
02.30 Fearless
03.15 Fearless
04.05 Fearless
04.50 Timeless
05.35 The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

07.45 U21. Ísland - Albanía
09.25 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
09.50 Undankeppni - Norður-Írland - Tékkland
11.30 Undankeppni HM - Aserbaídsjan - San Marínó
13.10 Undankeppni HM - Þýskaland - Noregur
14.50 Undankeppni HM - Armenía - Danmörk
16.30 Undankeppni HM - England - Slóvakía
18.10 HM markasyrpa
18.35 Undankeppni HM - Tyrkland - Króatía
20.45 HM Markasyrpa
21.10 U21 - Ísland - Albanía
22.50 Undankeppni HM - Ísland - Úkraína
00.30 Undankeppni HM - Moldóva - Wales
02.10 Undankeppni HM - Írland - Serbía

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Pepsi-deild kvenna - Þór/KA - Stjarnan
08.40 Undankeppni HM - Aserbaídsjan - San Marínó
10.20 Undankeppni HM - Þýskaland - Noregur
12.00 Undankeppni HM - Armenía - Danmörk
13.40 Undankeppni HM - England - Slóvakía
15.20 HM markasyrpa
15.45 NFL Hard Knocks 2017
16.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
16.55 Pepsi-deild kvenna - Þór/KA - Stjarnan
18.35 Undankeppni HM - Írland - Serbía
20.45 Undankeppni HM - Ungverjaland - Portúgal
22.25 Undankeppni HM - Tyrkland - Króatía
00.05 HM markasyrpa
00.30 Undankeppni HM - Ísland - Úkraína

## STÖÐ 3

17.30 New Girl
17.55 Mike & Molly
18.15 The Big Bang Theory
18.35 Modern Family
19.00 Curb Your Enthusiasm
19.35 Mayday
20.20 Last Man Standing
20.45 Sleepy Hollow
21.30 The Vampire Diaries
22.20 Wire
23.20 Man Seeking Woman
23.45 Cold Case
00.30 Supernatural
01.15 Modern Family
01.40 Curb Your Enthusiasm
02.15 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Dóra könnuður
07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Lalli
08.55 Rasmus Klumpur og félagar
09.00 Lína langsokkur
09.25 Hvellur keppnisbíll
09.37 Ævintýraferðin
09.49 Gulla og grænjaxlarnir
10.00 Víkingurinn Viggó
10.11 Zigby
10.25 Stóri og Litli
10.38 Skógardýrið Húgó
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Lalli
12.55 Rasmus Klumpur og félagar
13.00 Lína langsokkur
13.25 Hvellur keppnisbíll
13.37 Ævintýraferðin
13.49 Gulla og grænjaxlarnir
14.00 Víkingurinn Viggó
14.11 Zigby
14.25 Stóri og Litli
14.38 Skógardýrið Húgó
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Lalli
16.55 Rasmus Klumpur og félagar
17.00 Lína langsokkur
17.25 Hvellur keppnisbíll
17.37 Ævintýraferðin
17.49 Gulla og grænjaxlarnir
18.00 Víkingurinn Viggó
18.11 Zigby
18.25 K3 (3/52)
18.38 Mæja býfluga
18.47 Stóri og Litli



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

08.30 Cambia Portland Classic
11.30 Cambia Portland Classic
13.30 Dell Technologies Championship
20.00 PGA Highlights 2017
20.55 Golfing World 2017
21.45 Cambia Portland Classic
23.45 Cambia Portland Classic

## STÖÐ 2 BÍÓ

11.50 Jem and the Holograms
13.45 Reach Me
15.15 My Big Fat Greek Wedding 2
16.50 Jem and the Holograms
18.50 Reach Me
20.25 My Big Fat Greek Wedding 2
22.00 Pawn Sacrifice Myndin segir frá uppgangi undrabarnsins Bobbys Fischer í skákheiminum. Sjö ára gamall var hann búinn að sjálfmennta sig svo vel að hann var farinn að vinna alla sem tefldu við hann. Fischer tefldi um bandaríska landsmeistaratitilinn og vann allar skákirnar. Hann kom síðan til Íslands í júlí 1972 til að etja kappi við þáverandi heimsmeistara, Boris Spassky, og er það einvígi og öll lætin og havaríið sem því fylgdi aðalefni myndarinnar.
23.55 Devil's Knot
01.45 Bluebird
03.15 Pawn Sacrifice

## RÚV

10.15 EM karla í körfubolta - Ísland - Slóvenía
14.35 EM karla í körfubolta- Króatía - Spánn
16.30 Hið ljúfa líf
16.50 Táknmálsfréttir
17.00 KrakkaRÚV
17.01 Kata og Mummi
17.12 Einmitt svona sögur
17.25 Drekar
17.46 Guli Jakkinn
17.50 Krakkafréttir
18.00 Fréttir
18.10 Veður
18.15 HM karla í fótbolta - Ísland - Úkraína
20.55 Undankeppni HM karla í fótbolta: Samantekt
21.10 Síðasta konungsríkið
22.00 Tíufréttir
22.20 Veðurfréttir
22.25 Endurheimtur
23.15 Hernám
00.00 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 90210
09.50 Psych
10.35 Síminn + Spotify
13.35 Dr. Phil
14.15 Playing House
14.40 Million Dollar Listing
15.25 Life in Pieces
15.50 Old House, New Home
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 King of Queens
17.25 How I Met Your Mother
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with James Corden
19.50 The Great Indoors
20.15 Crazy Ex-Girlfriend
21.00 Star
21.45 Girlfriends' Guide to Divorce
22.30 Baskets
23.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
23.40 The Late Late Show with James Corden
00.20 CSI Miami
01.05 Code Black
01.50 Chicago Justice
02.35 The Handmaid's Tale
03.20 Sex & Drugs & Rock & Roll
03.50 Star
04.35 Girlfriends' Guide to Divorce
05.20 Baskets
05.50 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# MÁLTÍÐ FYRIR EINN
# OFURTILBOÐ

Iceland
Meal for One
VERÐ **199** KR. 500G.
ALLAR TEGUNDIR




OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI · VESTURBERG · ARNARBAKKI · GLÆSIBÆR















Fjölskyldan á góðri stund. Georg, Vilhjálmur, Katrín og Karlotta. NORDICPHOTOS/GETTY

# Erfið meðganga í vændum

Konungsfjölskyldan í Bretlandi tilkynnti í gær að Katrín, hertogaynja af Cambridge, ætti von á sínu þriðja barni. Ekki var gefin upp sett dagsetning en ljóst er að meðgangan verður enginn dans á rósum fyrir Katrínu, því hún þjáist af sjaldgæfu afbrigði af meðgönguógleði.

Katrín, hertogaynja af Cambridge, og Vilhjálmur, hertogi af Cambridge, tilkynntu í gær að þau ættu von á sínu þriðja barni. Fyrir eiga þau Georg og Karlottu. Líkt og á fyrri meðgöngunum tveimur þjáist Katrín af hyperedemis gravidarum sem á íslensku hefur verið kallað sjúkleg morgunógleði eða sjúkleg uppköst.

Erla Björk Sigurðardóttir, aðstoðaryfirljósmóðir á Landspítalanum, segir að um eitt prósent kvenna þjáist af þessum kvilla. „Um 75 prósent kvenna finna fyrir ógleði á meðgöngu og það getur verið eðlilegt á þeim tíma. Yfirleitt byrja einkenni á 6. til 8. viku en hverfa á 16. til 18. viku. Um fimm prósent kvenna eru með ógleði alla meðgönguna og það eru þá einhverjar undirliggjandi ástæður fyrir því. Svo er talað um að eitt prósent kvenna þjáist af HG, eða hyperedemis gravidarum, og er það mjög alvarlegt. Það getur valdið þyngdartapi, vökvaskorti, vannæringu og efnaskiptaröskun,“ segir Erla.

HG getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og því mikilvægt að greina það frá venjulegum meðgönguuppköstum og meðhöndla á fullnægjandi hátt. „Þetta er mjög sjaldgæft og lýsir sér í miklum uppköstum og getur haft alvarlega fylgikvilla. Konur sem fá þetta geta til dæmis fengið rof í vélindað en þessu fylgir líka oft þunglyndi.

Þá einangrast konur og þær þurfa því að vera duglegar að skipta um umhverfi og þá skiptir sálrænn stuðningur máli. Að stuðningsnetið, fjölskylda og vinir, sé skilningsríkt á þessum tíma.“ Trúlega fær hertogaynjan mikinn stuðning frá konungsfjölskyldunni og bestu mögulegu meðferð.

Katrín og Vilhjálmur giftu sig árið 2011 en þau kynntust í St. Andrews-háskólanum í Skotlandi og

## NAFNALISTI VEÐBANKA

**8/1** Alice
**10/1** Elizabeth
**10/1** James
**12/1** Arthur
**12/1** Phillip
**12/1** Victoria
**14/1** Alexandra
**14/1** Diana
**16/1** Albert
**16/1** Henry
**16/1** Mary
**20/1** Catherine
**20/1** Frances
**20/1** Margaret
**20/1** Richard
**25/1** Charles
**25/1** David
**25/1** Edward
**25/1** Louis
**50/1** Donald



Katrín hefur borið sig vel þrátt fyrir mikil veikindi á meðgöngu.

## 10 RÁÐ TIL AÐ BÆTA LÍÐANINA Á FYRSTU MÁNUÐUNUM

**1.** Fáðu þér snarl í rúminu. Þar sem blóðsykurinn er mjög lágur fyrst á morgnana er gott að hafa þurrt kex, hafrakex eða tekex, við rúmið til að narta í um leið og þú vaknar. Bíddu í tíu mínútur áður en þú ferð á fætur. Það sem er þó enn betra er ef makinn færir þér te og ristað brauð í rúmið á hverjum morgni.

**2.** Borðaðu oft en lítið í einu. Þú hefur sennilega enga matarlyst, en að svelta er það versta sem þú getur gert því þá líður þér enn verr. Með því að borða á nokkurra tíma fresti, heldur þú blóðsykrinum í jafnvægi. Það er betra að borða 5 litlar máltíðir á dag heldur en 3 stórar.

**3.** Fáðu þér engifer og sítrónu. Prufaðu að setja nokkra sítrónusneiðar, eða kreista sítrónusafa, út í heitt vatn og bragðbæta með hunangi. Engifer dregur úr ógleði og uppköstum. Prufaðu að narta í engiferkökur, eða setja sneiðar af ferskum engifer í heitt vatn í fimm mínútur, síaðu það og bragðbættu með hunangi.

**4.** Kolvetni. Gakktu úr skugga um að hver máltíð innihaldi kolvetnaríka fæðu, svo sem bakaðar kartöflur, hrísgrjón, pasta og brauð. Þetta er fæða sem brennur hægt og blóðsykurinn fellur síður, þá minnkar fæðan líkur á ógleði. Þetta er líka frekar hlutlaus matur og ætti að fara vel í maga. Forðastu mjög bragðsterka fæðu og mikla matarlykt ef þú getur meðan þér er óglatt. (Fáðu makann til að elda.)

**5.** Gakktu rösklega. Þú ert kannski ekki í skapi til að fara í leikfimi, en hófleg hreyfing slær oft á ógleðina. Í ayurveda, indverskri heilsuheimspeki, kemur fram að göngutúr í fersku lofti eyði streitu sem annars komi fram sem morgunógleði.

**6.** Dreyptu á vökva. Gættu þess að hafa eitthvað við höndina til að dreypa á yfir daginn. Sumum konum finnst sódavatn róa magann. Forðastu drykki með koffeini svo sem kaffi og te, það er líklegt að þú hafir misst lyst á þeim hvort eð er.



**7.** Hvíldu þig. Næst á eftir tómum maga er þreyta versti óvinur þinn, þannig að þú skalt taka því rólega. Ef þú ert útivinnandi, skaltu leggja þig þegar þú kemur heim og fara snemma að sofa á kvöldin. Ef þú átt börn, reyndu að leggja þig með þeim á daginn. Farðu í róandi bað með nokkrum dropum af lavender-, kamillu- eða engiferolíu.

**8.** Taktu B6-vítamín og sink. 50-100 mg af B6 vítamíni og 20 mg af sinki eru talin hjálpa gegn ógleði. Það er samt ágætt að ráðfæra sig við ljósmóður áður en bætiefni eru aukin. Ef þú vilt síður taka bætiefni þá er B6-vítamín t.d. í banönum og rúsínum og sink í engifer, fiski og grænu laufgrænmeti.

**9.** Notaðu punktanudd. Prufaðu að þrýsta á innanverðan úlnliðinn í smástund. Það er líka hægt að kaupa úlnliðsband í apótekum sem er ætlað gegn bílveiki. Nálastungur og svæðanudd geta líka virkað ágætlega gegn ógleði.

**10.** Vertu opin fyrir möguleikum. Sumum konum finnst hómópataaðferðir duga vel. Einnig geta blómadropar haft góð áhrif á meðgöngunni.

**Heimild. Doktor.is**

### NOKKRAR STAÐREYNDIR UM MORGUNÓGLEÐI

Þrátt fyrir nafnið getur ógleði og vanlíðan hellst yfir hvenær að deginum sem er og staðið allan daginn. Þetta ástand getur hafist áður en þú veist að þú ert ófrísk og nær yfirleitt hámarki milli 8. og 12. viku.

Ef þú er gjörn á að verða bílveik, eða þjáist af mígreni, er líklegra að þú fáir morgunógleði. Konur sem ganga með tvíbura eru gjarnari á að lenda í þessum vanda og sumir segja að þetta versni eftir því sem þú átt fleiri börn.

Enginn veit hvers vegna sumar konur lenda frekar í þessu en aðrar, en hátt hlutfall þungunar- hormóna og estrógens er talið hafa áhrif. Annar þáttur sem spilar inn í er lágur blóðsykur, sem er ástæðan fyrir því að mörgum konum líður verr þegar þær hafa ekki borðað í einhvern tíma, eða eru þreyttar. Góðu fréttirnar eru þær að það er sama hversu slæm líðanin er, hún hefur engin áhrif á barnið. Það fær alla þá næringu sem það þarfnast, sama hversu illa þér líður.

Ef þú kannast við eitthvert af eftirfarandi einkennum, skaltu hafa samband við lækni:

- Ef þér er stöðugt óglatt og kastar upp oft á dag, nokkrar vikur í senn.
- Ef þú missir meira en 5% af þyngd.
- Ef þú ert máttfarin, þreytt og ófær um verk sem þú ert annars vön að vinna.

Um það bil þrjár af þúsund konum upplifa þetta ástand. Ef þú þarft að leggjast inn á spítala færðu sennilega vökva í æð til að hindra að þú þornir upp og lyf til að slá á ógleðina. Hvort tveggja er skaðlaust barninu.

**Heimild: doktor.is**



byrjuðu að hittast árið 2003. Vilhjálmur er erfingi krúnunnar á eftir föður sínum, Karli. Georg prins er sá þriðji í erfðaröðinni og Karlotta fjórða. Þriðja barn þeirra Katrínar og Vilhjálms verður því það fimmta í röðinni.

Ekki kemur fram í tilkynningu hallarinnar hvenær Katrín er sett en þegar hún var ólétt að Georg var tilkynnt um það fyrr en venjulega þar sem hertogaynjan hafði verið lögð inn á spítala vegna mikillar ógleði.

„Sumar konur sem eru með þekkta svona sögu fá fljótt ógleðistillandi lyf. Það er passað upp á þessar konur strax frá byrjun. Ef kona hefur lent einu sinni í þessu þá þekkir hún einkennin fljótt og kemur því fljótt til okkar. Það er hægt að láta þeim líða betur með ýmsum ráðum," segir Erla Björk Sigurðardóttir. **benediktboas@365.is**

HÖFUM OPNAÐ AFTUR
... OKKAR VINSÆLA FATA- & SKÓMARKAÐ

OUTLET NTC




50-70% AFSLÁTTUR
verð frá: 500 kr.

GK REYKJAVIK
KARAKTER KONUR
Kultur menn
Kultur
COMPANYS
galleri sautján
URBAN
eva
SMASH
focus
gs skór

OPIÐ 12-18
ALLA DAGA

TÖKUM UPP VÖRUR Á HVERJUM DEGI!

... fylgstu með á Snapchat & Instagram : outletntc

YFIR 100 VINSÆL VÖRUMERKI

5units, adidas, BRONX, BULL BOXER, MAÓ, Dr. Martens, NEO NOIR, Calvin Klein, carhartt, Matíníque, Paul Smith, CONVERSE ALL STAR, BY MALENE BIRGER, SAMSØE SAMSØE, billi bi COPENHAGEN, CHEAP MONDAY, MOSS REYKJAVIK, NIKE, J.LINDEBERG, Herschel

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja
Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS



Byggðu umhverfisvænt hús
-úr krosslímdu tré
Af hverju krosslímt tré?
- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi
IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is
Byggðu til framtíðar
með lausnum frá IDEX



L-Mesitran
Náttúruleg sáragræðsla með hunangi
Hunangsplástur og sárakrem með hunangi. Hentar á allar tegundir sára.
Plásturinn hentar vel á lítil yfirborðssár.
Nauðsynlegur á sára hæla eftir göngur.
- Fæst í apótekum -
Williams&Halls
www.wh.is



Þúsundir hafa lifað án ástar
· Ekki einn án vatns ·
LOVE
REYKJAVIK
RAINCOATS
epal
ÚTSÖLUSTAÐIR:
HÖRPU / LAUGAVEGI
REYKJAVIK RAINCOATS - HVERFISGÖTU 82
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM - SÍMI: 571 1177

# „Ísland er væntanlega ekki að fara neitt“

**Danski leikarinn Claes Bang heimsótti Ísland um helgina og var viðstaddur frumsýningu The Square í Bíó Paradís. Bang hefur fengið góða dóma fyrir leik sinn í myndinni.**



Bang heimsótti Ísland til að kynna kvikmyndina The Square. NORDICPHOTOS/GETTY

Kvikmyndin The Square hefur fengið afar góð viðbrögð og góða dóma. Aðalleikari myndarinnar, hinn danski Claes Bang, stoppaði stutt á Íslandi til að vera viðstaddur frumsýningu myndarinnar um helgina. Hann stefnir á að koma aftur síðar og verja lengri tíma hér á landi.

Aðspurður hvaða áhrif hann telji hlutverkið í The Square hafa á feril hans segir Bang: „Það er ótrúlega erfitt að segja til um það á þessu stigi. Það hefur óneitanlega hjálpað allri sölu og dreifingu myndarinnar að hún vann Gullpálmann á Cannes í vor. Síðast þegar ég talaði við framleiðandann var búið að selja hana til allra landa í heiminum nema Mongólíu. Núna vona ég auðvitað að þetta hlutverk opni mér enn fleiri dyr. Mér er í raun sama hvar ég vinn, það eru verkin og innihald þeirra sem skipta mig mestu máli,“ segir Bang sem er þessa stundina að leika í verki í litlu leikhúsi í Óðinsvéum.

Bang fer með hlutverk Christians, fráskilins föður sem keyrir um á rafmagnsbíl og er virtur sýningarstjóri í nútímalistasafni í Svíþjóð. Spurður hvort hann hafi tengt að einhverju leyti við Christian svarar Bang játandi: „Guð minn góður. Það er svo mikið af sjálfum mér í honum. Leikstjórinn [Ruben Östlund] er alltaf að leita eftir eins raunverulegum og einlægum viðbrögðum í myndunum sínum og hægt er. Hann vill ekki að maður leiki eða framleiði viðbrögð heldur vill hann að leikararnir bregðist við á eins náttúrulegan hátt og mögulegt er.“

## ELISABETH MOSS EINS OG FERSKUR ANDVARI



Bang fer með aðalhlutverkið í The Square á móti bandarísku leikkonunni Elisabeth Moss sem margir kannast við úr Mad Men og The Handmaid's Tale.

*Hvernig var að vinna með Elisabeth Moss?* „Hún kom ekki fyrr en á síðustu tíu tökudögunum, en í heildina þá voru 75 tökudagar sem er mjög langur tími fyrir kvikmyndatökur. Þannig að allir voru orðnir nokkuð þreyttir á þeim tímapunkti. Elisabeth kom eins og ferskur andvari á settið og það var alveg frábært að vinna með henni. Hún er mögnuð leikkona sem lagaði sig samstundis að verklagi leikstjórans.“

**ÉG MYNDI GJARNAN VILJA KOMA AFTUR EINHVERN TÍMANN Í FRAMTÍÐINNI.**

### Stutt stopp á Íslandi

Bang stoppaði stutt á Íslandi og náði því ekki að kynnast landinu almennilega á meðan á dvöl hans stóð: „Ég er svolítið lasinn núna þannig að ég kemst ekki í neinar skoðunarferðir og ég er svo stutt á landinu í þetta skiptið. Ísland er væntanlega ekki að fara neitt og ég myndi gjarnan vilja koma aftur einhvern tímann í framtíðinni og vera í viku og skoða landið betur.“

**gudnyhronn@365.is**

# Jóhannes Haukur í kvikmynd með Cate Blanchett og Kristin Wiig



Leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson hefur verið að gera það gott í Hollywood undanfarið og heldur því áfram. Nýjasta hlutverk hans vestanhafs er á móti stórleikurunum Cate Blanchett, Kristin Wiig, Billy Crudup, Laurence Fishburne og fleirum í myndinni Where'd You Go, Bernadette.

Samkvæmt kvikmyndavefnum IMDb.com fer Jóhannes með hlutverk hollenska skipstjórans J. Rouverol í myndinni. Jóhannes mun halda út til Grænlands á næstunni þar sem tökur myndarinnar fara meðal annars fram.

Árni Björn Helgason, umboðsmaður Jóhannesar, segir að um „frábært hlutverk“ sé að ræða og að Jóhannes Haukur sé spenntur fyrir að heimsækja Grænland. „Hann er spenntur fyrir að heimsækja þessa frændþjóð okkar. Jóhannes hélt reyndar að þetta yrði stutt og þægilegt ferðalag frá Reykjavíkurflugvelli en svo er ekki. Þau verða á vesturströnd Grænlands við tökur og til að komast þangað þarf hann fyrst að fljúga til Kaupmannahafnar, gista í eina nótt þar og fljúga svo þaðan til Grænlands. Það mun því taka Jóhannes heilan dag að komast á leiðarenda,“ segir Árni. **– gha**



**Jóhannes Haukur verður í góðum félagsskap á tökustað.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# RAFMAGNSBORÐ



Í Hirzlunni er fjölbreitt úrval skrifstofuhúsgagna.

Bjóðum upp á rafmagnsborð frá 3 framleiðendum í fjölda stærða og lita.

PRIMA
**RAFMAGNSBORÐ**
VERÐ FRÁ:
**56.000,-**

A6
**RAFMAGNSBORÐ**
VERÐ FRÁ
**85.660,-**

eMODEL
**RAFMAGNSBORÐ**
VERÐ FRÁ
**129.900,-**

NÝ VEFVERSLUN HIRZLAN.IS
OPIÐ Á LAUGARDÖGUM 12-16

# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

## TENTO SKÁPAR OG HIRZLUR



1. **MÖPPUHILLA** 80 X 154,5 — **44.400 kr.**
2. **TVÍSK. SKÁPUR** 80 X 189,5 — **69.900 kr.**
3. **SKÁPUR** 80 X 222,5 — **89.900 kr.**
4. **RENNIH. SKÁP.** 120 X 82,5 — **59.900 kr.**
5. **FLETTIH. SKÁP.** 120 X 115,5 — **104.900 kr.**
6. **SKÁPUR** 80 X 115,5 — **54.900 kr.**



VERÐ **73.900.-** ARMAR FYLGJA

**SITNESS 15**

## HEXA

Hljóðdempandi sófaeiningar.
Falleg hönnun.



## TAPA

Hægt að breyta og laga að þínu rými. Endalausir möguleikar.



MYNDFORM GRAFÍK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

**ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.**
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Tómasar Þórs Þórðarsonar



## Brosið borgaði sig ekki

Það er ekkert lítið gaman að fara út að borða í Reykjavík þessi misserin þar sem búið er að breyta og innrétta nánast hvert einasta rými í miðborginni sem lúxus veitingastað. Fólk getur til dæmis ekki lengur tekið strætó á Hlemmi án þess að bakka ofan í humarsúpu.

Við kærastan gerðum okkur dagamun á föstudaginn og fórum á veitingastaðinn Matwerk efst á Laugaveginum sem við höfðum heyrt góða hluti um. Einn af þessum nýju og skemmtilegu stöðum sem eru frumlegir í mat og drykk og við vorum ekki svikin.

Það voru samt Svíarnir sem sátu á næsta borði fyrir aftan okkur. Eða þeir þóttust vera sviknir. Við heyrðum þessa ágætu ferðamenn njóta matarins; smjattandi og hlæjandi. Allt lék í lyndi þar til kom að skuldadögum.

Þá var maturinn allt í einu orðinn svakalega saltur hjá einni konunni sem fór að hækka róminn og kvarta sáran. Hún heimtaði að yfirþjónninn færi með matinn aftur til kokksins. Þjónninn gat lítið annað gert en tekið þessu sem heilögum sannleik. Þá gengu hinir á lagið og allt í einu var bara eins og maturinn sem þau voru búin að borða með bestu lyst hefði verið soðinn í Svartahafinu. Væntanlega af ótta við slæmt umtal lúffaði þjónninn og fannst hann knúinn til að gefa þeim afslátt. Ég heyrði hvert einasta orð sem fór þarna á milli og þetta var enginn smá afsláttur.

Við konan vorum aftur á móti mjög sátt og héldum bara áfram að panta; fengum besta desert sem ég hef smakkað og æðislega kokteila. Þegar kom að skuldadögum hjá okkur borgaði ég bara uppsett verð enda kom ekkert annað til greina. Fýlupúkarnir gengu út með vasa fulla en brosið mitt borgaði sig í rauninni ekki neitt.








